

Þriðjudaginn 2. apríl 1996.

Nr. 23/1996.

Ákærvaldið

(Sigríður Józefs dóttir saksóknari)

gegn

Þorsteini Víði Þórðarsyni

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Þorláki Ómari Einarssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.) og

Sveini Sæmundssyni

(Helgi V. Jónsson hrl.)

Umboðssvik. Fjárdráttur. Verðbréfamíðlun. Endurskoðendur, refsibýrgð. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Arnljótur Björnsson og Þorgeir Örlygsson prófessor.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar í samræmi við yfirlýsingu ákærða Þorsteins Víðis Þórðarsonar um áfrýjun og einnig af hálfu ákærvalds með stefnu 12. janúar 1996.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að niðurstaða héraðsdóms um sakfellingu ákærða Þorsteins varðandi I. kafla ákæru verði staðfest, hann verði sakfelldur fyrir brot samkvæmt III. kafla ákæru, refsing hans samkvæmt hinum áfrýjaða dómi verði þyngd og hann dæmdur til að greiða skaðabætur samkvæmt ákæru. Krafist er staðfestingar héraðsdóms um sakfellingu ákærða Þorláks Ómars Einarssonar, þó þannig, að refsing samkvæmt hinum áfrýjaða dómi verði þyngd. Krafist er sakfellingar ákærða Sveins Sæmundssonar samkvæmt ákæru og að hann verði dæmdur til refsingar.

Ákærði Þorsteinn leitast endurskoðunar á hinum áfrýjaða dómi samkvæmt a- og c-lið 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Hann krefst aðallega sýknu af báðum ákæruliðum, en til vara, að hann verði sýknaður af ákæru um fjárdrátt.

Ákærði Þorlákur krefst aðallega sýknu af öllum kröfum ákærvaldsins, en til vara, að refsing verði milduð. Til þrautavara krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Ákærði Sveinn krefst sýknu af öllum kröfum ákærvalds.

I.

Í I. kafla ákæruskjals er ákærða Þorsteini gefið að sök að hafa brotið gegn 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem fjallar um misnotkun aðstöðu til þess að gera eitthvað, sem annar maður verður bundinn við. Ákvæðið á ekki einungis við um umboð, heldur og aðra raunverulega aðstöðu til þess að gera eitthvað, er bindur annan mann. Þá er greinin og sett til að koma í veg fyrir, að menn, er hafa á hendi fjárreiður fyrir aðra, svo sem fjárhaldsmenn, framkvæmdastjórar félaga og stofnana o. s. frv., misnoti aðstöðu sína sér eða öðrum til hags, en umbjóðanda sínum til tjóns.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Í bréfi 26. október 1994 óskaði stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Áburðarverksmiðjunnar hf. eftir því, að Rannsóknarlögregla ríkisins rannsakaði skuldabréfakaup sjóðsins á undanförunum misserum. Aðdragandi bréfins var sá, að boðað hafði verið til fundar vegna fjárhagsvanda, er tengdist framhaldi verkframkvæmda á vegum Rimar hf. við fasteignina Berjarima 20-28. Forsvarsmáður húsbyggjandans, vitnið Kristján Magnason, skýrði frá því á fundinum, að ákærði Þorlákur hefði boðist til að útvega fjármagn til byggingarframkvæmdanna og útbúið í þeim tilgangi skuldabréf, sem gefin voru út af húsbyggjandanum og þinglýst. Eftir þinglýsinguna hafi ákærði Þorlákur greitt vitninu í reiðufé fyrir bréfin. Fyrir tveggja milljón króna bréf hafi verið greiddar 1,6 milljónir, afföll af 5 milljón króna skuldabréfi hafi verið 20% og afföll af 7 milljón króna skuldabréfi 25%. Vitnið kveðst hafa greitt ákærða Þorláki Ómari 2% sölubóknun af því, sem vitnið fékk greitt, til viðbótar afföllunum. Vitnið kvaðst hafa fengið þær upplýsingar hjá banka, að Lífeyrissjóður starfsmanna Áburðarverksmiðjunnar hf. væri eigandi allra þessara bréfa.

Í skýrslu sinni hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins bar ákærði Þorsteinn, að eftir að ávöxtun lífeyrissjóðsins breyttist 1. janúar 1993, hefði hann með vitund og vilja stjórnar og vitund endurskoðanda sjóðsins, ákærða Sveins, byrjað að kaupa svonefnd áhættuskuldabréf, sem gefið geti betri ávöxtun. Umrædd bréf voru með veði í húsum í smíðum og þeim ætlað að fjármagna byggingarframkvæmdir. Eðli málsins samkvæmt hafi við kaup á þessum bréfum ekki verið unnt að halda sig við reglu í 6. gr. reglugerðar lífeyrissjóðsins um lágmark veðtryggingar, sem hljóðar svo:

„Stjórn sjóðsins sér um ávöxtun á fé hans, og skal það gert á eftirfarandi hátt:

1. Í skuldabréfum með veði í húseignum allt að 50% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi, þá af matsverði, sem ákveðið er af tveimur mönnum, sem fjármálaráðherra tilnefnir. . . .“

Hann bar og, að ákærði Þorlákur hefði verið milliliður í viðskiptum þessum og boðið sjóðnum skuldabréfin til kaups. Aðspurður um forsendur kaupa hans á skuldabréfum með veði í Skipholti 50 D sagði ákærði Þorsteinn, að kaupin hefðu verið í samræmi við áhættukaup og hann miðað við að „lána aldrei nema sem nam 70% af matsverði hússins hverju sinni“.

Með vísan til þessa og forsendna héraðsdóms að öðru leyti er staðfest sú niðurstaða hans, að ákærði Þorsteinn hafi farið verulega út fyrir heimildir í 1. tl. 6. gr. reglugerðar lífeyrissjóðsins við kaup á skuldabréfum. Er ekkert fram komið, sem styður staðhæfingu hans um, að þetta hafi hann gert með vitund og vilja stjórnar sjóðsins. Stefndi ákærði þannig hagsmunum sjóðsins í hættu og braut með því gegn 249. gr. almennra hegningarlaga. Með vísan til forsendna héraðsdóms er einnig staðfest niðurstaða hans um sakfellingu ákærða, vegna þess að hann framseldi ákærða Þorláki umboð 23. mars 1994 og afhenti honum tékka, að fjárhæð 800.000 krónur, 12. september 1994 í andstöðu við reglur lífeyrissjóðsins. Hvort tveggja varðar við 249. gr. almennra hegningarlaga.

Í III. kafla ákæru er ákærða Þorsteini gefið að sök að hafa dregið sér samtals 1.508.889 krónur. Ákærði hefur haldið því fram, að þeir fjármunir, sem gengið hafi til hans úr lífeyrissjóðnum, hafi ávallt verið hluti af kaupverði skuldabréfa, sem oftast hafi verið greitt meðákærða Þorláki. Ástæða þess, að hluti kaupverðsins hafi gengið til sín, hafi verið sú, að Þorlákur hafi verið að endurgreiða sér persónuleg lán.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna héraðsdóms er staðfest niðurstaða hans um sakfellingu ákærða Þorsteins í þessum kafla ákæru.

II.

Í IV. kafla ákæru er ákærða Þorláki gefið að sök að hafa stundað verðbréfamíðlun án þess að vera löggiltur verðbréfamíðlari.

Í skýrslum sínum hjá lögreglu bar ákærði Þorlákur, að hann hefði auk 1-2% sölupóknunar af andvirði skuldabréfanna, sem eru nægilega tilgreind í málinu, fengið aukapóknanir, „bónus“. Samkvæmt því og með hliðsjón af framburði vitnanna Kristjáns Magnasonar og Jörgens Erlingssonar, sem rak byggingarfyrirtæki það, sem stóð að smíði hússins Skiphólts 50 D, er ljóst, að sú þóknun nam verulegum fjárhæðum.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna héraðsdóms verður staðfest niðurstaða hans um sakfellingu ákærða Þorláks samkvæmt þessum lið ákæru.

III.

Í V. kafla ákæru er ákærða Sveini gefið að sök að hafa brotið lög um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða og lög um löggilta endurskoðendur með því að hafa vanrækt skyldur sínar sem löggiltur endurskoðandi reikninga lífeyrissjóðsins „við endurskoðun á ársreikningi sjóðsins fyrir rekstrarárið 1993 með því að kanna ekki, hvort farið hafi verið að ákvæðum reglugerðar sjóðsins um meðferð og ávöxtun á fé hans við skuldabréfakaup . . . og gera ekki athugasemd við ranga tilgreiningu þeirra sem „bankabréf o. fl.“ í efnahagsreikningnum og í yfirliti um peningaflæði sem „keypt bankabréf“, þótt um engin slík bréf væri að ræða, og að hafa . . . áritað ársreikning sjóðsins fyrir rekstrarárið 1993 fyrirvaralausri áritun . . .“. Ákæra á hendur honum lýtur eingöngu að brotum á 10. gr., sbr. 17. gr. laga nr. 67/1976 um löggilta endurskoðendur, og 2. mgr. 3. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 27/1991 um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða, allt sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hóf endurskoðun hjá lífeyrissjóðnum um 1976. Þá var aðeins um að ræða skuldabréfakaup frá sjóðfélögum. Síðar voru keypt spariskírteini og enn síðar skuldabréf frá Húsnæðisstofnun, Byggingarsjóði ríkisins og Framkvæmdasjóði o. fl. Frá 1. janúar 1993 starfaði lífeyrissjóðurinn samkvæmt reglugerð, er sett var á grundvelli laga nr. 55/1980 og kom í stað eldri reglugerðar frá 1988. Af hálfu ákærða er því haldið fram, að þessi nýja reglugerð hafi gefið

sjóðnum tækifæri til að auka ávöxtun sína með því að kaupa skuldabréf með afföllum, eins og ýmsir aðrir lífeyrissjóðir hafi gert á undanförnum árum.

Lög nr. 27/1991 giltu um gerð ársreiknings 1991. Hefur hann að geyma fyrstu ársskýrslu stjórnar sjóðsins, sem ákærði samdi að beiðni forstöðumanns sjóðsins, meðákærða Þorsteins. Í skýrslu bankaeftirlits Seðlabanka Íslands kemur fram, að ekki eru gerðar athugasemdir við gerð ársreikningsins, en fjallað um fjárhagsstöðu sjóðsins, þar sem ekki var talið, að sjóðurinn gæti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart sjóðfélögum. Benti bankaeftirlitið á sem dæmi um ráðstafanir, sem sjóðurinn gæti gripið til, að ná hærri raunávöxtun á eignir.

Hinn 7. júlí 1993 var stjórnarfundur haldinn í lífeyrissjóðnum, og var sérstaklega rædd ávöxtun hans. Kosin var ný stjórn, og hélt hún ekki bókaðan stjórnarfund fyrir en 7. júní 1994. Er ekkert bókað um verðbréfakaup ársins 1993 fyrir en á þeim fundi.

Ákærði kveðst hafa hagað endurskoðun og gerð ársreiknings fyrir árið 1993 með sama hætti og árið áður. Sú breyting varð þó á, að á þessu ári keypti sjóðurinn engin „bankabréf“, en keypti hins vegar önnur skuldabréf fasteignatryggð fyrir 39,9 milljónir króna, þar á meðal bréf þau, sem ákært er fyrir í máli þessu. Af hálfu ákærða er viðurkennt, að þau mistök hafi orðið við gerð ársreikningsins, að í yfirliti um peningaflæði eru skuldabréfin færð undir liðnum „Keypt bankabréf“ í stað „Keypt bankabréf o. fl.“ eða „Keypt önnur bréf“, sem stafi af því, að láðst hafi að breyta texta þessa liðar frá fyrra ári. Af hálfu ákærða er tekið fram, að með kaupum á „áhættubréfunum“ hafi verið fjárfest í húsbýggingum og hann hafi treyst því, að stjórn sjóðsins stæði á bak við þessi kaup, enda hafi verið tekin ákvörðun um að auka raunávöxtun sjóðsins.

Ákærða Sveini er, eins og áður segir, gefið að sök að kanna ekki, hvort farið var að ákvæðum reglugerðar lífeyrissjóðsins árið 1993 við kaup skuldabréfa, en þau voru tryggð með veði í fasteigninni Berjaríma 20-28 í Reykjavík. Ákærði ber, að hann hafi þekkt þetta reglugerðarákvæði og að ekki hafi verið að finna í gögnum lífeyrissjóðsins mat á þessari eign. Segir ákærði, að það hafi verið eigið mat, en ekki annarra, sem lá fyrir, þegar hann mat veðsetningarnar við lok efnahagsreiknings fyrir árið 1993.

Ákærða var kunnugt um kaup greindra veðskuldabréfa og kveðst hafa talið þau gerð með vitund og vilja stjórnar sjóðsins. Honum mátti vera ljóst, að kaupin voru andstæð 1. tl. 6. gr. reglugerðar lífeyrissjóðsins. Bar honum því að gera fyrirvara um þetta í áritun á ársreikningana eða á viðeigandi hátt í skýringum með þeim. Athugasemdir til stjórnar sjóðsins gátu ekki, eins og hér stóð á, komið í stað fyrirvara í áritun á ársreikninginn. Verður að telja, að ákærði hafi með þessu brotið gegn þeim lagaákvæðum, sem greind eru hér að framan.

Ákærða er einnig gefið að sök að gera ekki athugasemd við, að umrædd veðskuldabréf voru ranglega tilgreind sem „bankabréf o. fl.“ í efnahagsreikningi og í yfirliti um peningaflæði sem „keypt bankabréf“, þótt um engin slík bréf væri að ræða. Með vísun til forsendna héraðsdóms verður fallist á, að ekki hafi verið rétt að skipa í sama flokk í efnahagsreikningi skuldabréfum með ábyrgð banka og skuldabréfum með veði í fasteignum og að það verði rakið til mistaka ákærða. Á það er hins vegar að líta, að í skýrslu stjórnar lífeyrissjóðsins með ársreikningnum kemur skýrt fram, að á rekstrarárinu hafi verið keypt verðbréf fyrir 50,8 milljónir króna og þar af verið 7,4 milljónir í húsbrefum, 3,5 milljónir króna í skuldabréfum Húsnæðisstofnunar og loks „önnur skuldabréf“ fyrir 39,9 milljónir króna. Gaf það lesendum ársreikningsins naumast tilefni til að álykta, að síðastgreind bréf væru skuldabréf með ábyrgð banka. Liðurinn „bankabréf o. fl.“ í efnahagsreikningnum bar auk þess greinilega með sér, að hann tæki einnig til annarra bréfa en bankabréfa. Verður ákærða því ekki gerð refsing fyrir það, að hann fór varðandi þetta atriði ekki eftir þeirri fyrirmynd að uppsetningu efnahagsreiknings, sem er að finna í fylgiskjali með reglum bankaeftilrits 30. desember 1991 um gerð ársreiknings lífeyrissjóða. Að öðru leyti þykir mega vísa til athugasemda héraðsdóms og staðfesta það mat hans, að ákærða verði ekki refsað vegna þessa ákæruatriðis á grundvelli þeirra lagaákvæða, sem í ákæru greinir.

IV.

Með brotum þeim, sem hér að framan eru rakin, hafa ákærðu unnið til refsingar eftir þeim ákvæðum laga, sem þar er lýst.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um refsingu og skilorð, að því er varðar ákærða Þorstein Víði Þórðarson.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um fangelsi ákærða Þorláks Ómars Einarssonar og skilorð. Að auki greiði hann 1.000.000 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti ella þriggja mánaða fangelsi.

Ákærði Sveinn Sæmundsson greiði 100.000 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti ella 20 daga varðhaldi.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um skyldu ákærða Þorsteins til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 1.103.729 krónur. Ákærði greiði fjárhæð þessa með vöxtum og dráttarvöxtum, svo sem nánar greinir í dómsorði. Það athugast, að í ákeru er krafist dráttarvaxta frá 20. janúar 1995, þótt Lífeyrissjóður starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins hafi gert kröfu um dráttarvexti frá 26. nóvember 1994.

Í héraðsdómi er ekki kveðið á um greiðslu saksóknarlauna í ríkissjóð, svo sem gera skal samkvæmt 1. mgr. 168. gr. laga nr. 19/1991. Um sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað fer eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði Þorsteinn Víðir Þórðarson sæti fangelsi 12 mánuði, en fresta skal fullnustu 9 mánaða af refsingunni, og skal sá hluti hennar niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Þorlákur Ómar Einarsson sæti fangelsi 3 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar, og skal hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Enn fremur greiði hann 1.000.000 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti ella þriggja mánaða fangelsi.

Ákærði Sveinn Sæmundsson greiði 100.000 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti ella 20 daga varðhaldi.

Ákærði Þorsteinn Víðir Þórðarson greiði Lífeyrissjóði starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins 1.103.729 krónur í

skaðabætur ásamt 0,8% ársvöxtum af 33.729 krónum frá 25. maí 1993 til 19. júlí 1993, af 303.729 krónum frá þeim degi til 11. ágúst 1993, 0,9% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1993, 0,8% ársvöxtum frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 0,5% ársvöxtum frá þeim degi til 12. september 1994 og 0,5% ársvöxtum af 1.103.729 krónum frá þeim degi til 20. janúar 1995 og með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málsvarnarlaun ákærðu Þorsteins og Þorláks eiga að vera óröskuð. Ákærði Sveinn greiði verjanda sínum í héraði, Helga V. Jónssyni hæstaréttarlögmanni, 200.000 krónur.

Annar sakarkostnað í héraði, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 300.000 krónur, greiði ákærði Þorsteinn að 2/3 hlutum, ákærði Þorlákur að 1/6 hluta og ákærði Sveinn að 1/6 hluta.

Ákærði Þorsteinn greiði verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Sigurði G. Guðjónssyni hæstaréttarlögmanni, 100.000 krónur í málsvarnarlaun. Ákærði Þorlákur greiði verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Hilmarí Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 100.000 krónur í málsvarnarlaun. Ákærði Sveinn greiði verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Helga V. Jónssyni hæstaréttarlögmanni, 100.000 krónur í málsvarnarlaun fyrir Hæstarétti.

Annar áfrýjunarkostnaður, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 200.000 krónur, greiðist þannig: Ákærði Þorsteinn greiði 2/3 hluta, ákærði Þorlákur greiði 1/6 hluta og ákærði Sveinn 1/6 hluta kostnaðarins.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 24. nóvember 1995.

Ár 1995, föstudaginn 24. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverrí Einarssyni héraðsdómara sem dómsformanni og löggiltu endurskoðendunum Birki Leóssyni

og Jóni Þ. Hilmarssyni sem meðdómendum, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 665/1995: Ákærvaldið gegn Þorsteini Víði Þórðarsyni, Þorláki Ómari Einarssyni og Sveini Sæmundssyni, sem tekið var til dóms 3. þ. m.

Málið er höfðað fyrir dómnum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 20. júní sl., á hendur ákærðu, Þorsteini Víði Þórðarsyni, Fannafold 21, fæddum 6. ágúst 1943, fæðingarnúmer 481, Þorláki Ómari Einarssyni, Óðinsgötu 4, fæddum 8. mars 1960, fæðingarnúmer 339, og Sveini Sæmundssyni, Hverafold 33, fæddum 22. nóvember 1939, fæðingarnúmer 372, öllum hér í borg.

Í ákærinni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu „fyrir eftirgreind brot:

I. Umboðssvik ákærða Þorsteins Víðis.

Ákærða er gefið að sök að hafa tímabilið apríl 1993 til september 1994 í störfum sínum sem umsjónarmaður með reikningshaldi og fjármunum Lífeyrissjóðs starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins misnotað aðstöðu sína í þágu meðákærða Þorláks Ómars og þeirra aðila, sem hann sá um skuldaþréfasölu fyrir, með þeim hætti, er hér greinir:

A. Að verja fjármunum sjóðsins til kaupa á 55 veðskuldabréfum af meðákærða Þorláki Ómari, samtals að nafnverði 100.587.872 kr., fyrir samtals 91.794.660 kr., sem gefin voru út af umbjóðendum hans, án þess að afla gagna um veðhæfi hinna veðsettu eigna og upplýsinga um skuldara bréfanna og brjóta á þann hátt gegn ákvæðum reglugerðar Lífeyrissjóðsins, staðfestri af fjármálaráðuneyti 4. janúar 1993, og stefna með meginhluta kaupanna fé sjóðsins í stórfellda hættu, einkum með því að kaupa 29 eftirgreind skuldabréf fjárhagslega illa stæðra fyrirtækja með veði í óverðmetnum húseignum þeirra á byggingarstigi og með því að framselja heimildarlaust til greinds meðákærða umboð, sem ákærði hafði frá stjórn sjóðsins til að gefa út veðleyfi með sérstökum skilyrðum, en þau skjöl eru sem hér greinir:

1. Níu skuldabréf, tryggð með veði í Berjarima 20–28, Reykjavík, fimm fyrst töldu út gefin af Húsverki hf., kennitala 660691–1389, bréf út gefið 19. 4. '94 af Ómari og Gunnari sf., kennitala 560889-1009, og bréf út gefið 10. 3. '94 af Rim hf., kennitala 520194-2239:

Kaupdagur	Kaupverð kr.	Út gefið	Nafnverð í þús. kr.	Númer RLR
18. 6. '93	7.766.700	1. 6. '93	8.000 (4 × 2.000)	4
30. 6. '93	1.852.460	1. 6. '93	2.000	5
29. 10. '93	6.100.000	24. 9. '93	7.000	11

		1208		
2. 12. '93	4.500.000	29. 11. '93	5.000	13
7. 1. '94	8.500.000	19. 4. '94	9.000	16
8. 7. '94	1.450.000	10. 3. '94	1.500	31
Samtals	kr. 30.169.160		kr. 32.500.000	

Með umboði, dagsettu 23. mars 1994, veitti ákærði meðákærða Þorláki Ómari heimild til að undirrita fyrir hönd lífeyrissjóðsins veðleyfi, dagsett 10. mars 1994, vegna skuldabréfa, út gefinna 24. 9. og 29. 11. '93, og voru tvö síðastgreindu bréfin byggð á því.

2. Tuttugu skuldabréf með veði í Skipholti 50 D, Reykjavík, út gefin af Jeco hf., kennitala 430792-2109, kröfuhafi Hallfríður Arnarsdóttir:

Kaupdagur	Kaupverð í þús. kr.	Út gefið	Nafnverð í þús. kr.	Númer RLR
21. 2. '94	4.200	25. 12. '93	4.500	2 bréf 17
14. 3 '94	5.650	28. 12. '93	6.000	3 bréf 19
11. 4. '94	2.766	28. 12. '93	3.000	2 bréf 20
22. 4. '94	3.680	5. 4. '93	4.000	22
25. 5. '94	3.100	5. 4. '94	3.400	23
27. 6. '94	5.520	25. 5. '94	6.000	2 bréf 28
1. 7. '94	1.800	25. 5. '94	2.000	29
8. 7. '94	3.150	25. 5. '94	3.500	30
26. 7. '94	1.350	25. 5. '94	1.500	32
5. 8. '94	900	25. 5. '94	1.000	33
18. 8. '94		25. 5 '94	1.000	
18. 8. '94	3.600	10. 6. '94	3.000	34
1. 9. '94	3.150	26. 8 '94	3.500	3 bréf 35
Samtals	kr. 38.866.000		kr. 42.400.000	

Kröfur lífeyrissjóðsins samkvæmt bréfum þessum námu samtals 46.901.385 krónum, þegar eignin var seld nauðungarsölu 24. mars 1995, en af söluverðinu komu 1.996.278 krónur í hlut sjóðsins.

B. Að afhenda 12. september 1994 meðákærða Þorláki Ómari tékka, að fjárhæð 800.000 kr., út gefinn af tékkareikningi lífeyrissjóðsins nr. 401226 við Íslandsbanka hf., gegn kvittun hans fyrir greiðslu á ótilgreindu skuldabréfi, án þess að lífeyrissjóðurinn fengi þá afhent skuldabréf eða tryggingu fyrir því að fá það afhent síðar.

Þessi brot ákærða teljast varða við 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Brot ákærða Þorsteins Víðis á lögum um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða og almennum hegningarlögum.

Þá er ákærða Þorsteini Víði gefið að hafa á grundvelli rangrar skuldabréfaflokkunar í bókhaldi sjóðsins, þar sem skuldabréf, sem keypt höfðu verið á árinu, voru færð sem „skuldabréf opinberra sjóða o. fl.“ og í verðbréfakerfi hans sem „skuldabréf banka o. fl.“, eigi gert ársreikning lífeyrissjóðsins fyrir rekstrarárið 1993 í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og góða reikningsskilavenju, þannig, að reikningurinn gæfi skýra mynd af eignum sjóðsins og sýndi, hvers konar skuldabréf sjóðurinn hefði keypt fyrir 39.897.400 kr. á því ári, heldur telja greinda skuldabréfaeign með villandi hætti fram í efnahagsreikningi sem „bankabréf o. fl.“ og í yfirliti um peningaflæði 1993 ranglega í blekkingarskylni sem „keypt bankabréf“, þó að engin slík hafi verið keypt.

Telst þetta varða við 1. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 27/1991 um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða og 1. mgr. 158. gr. almennra hegningarlaga.

III. Fjárdráttur ákærða Þorsteins Víðis.

Ákærða er gefið að sök að hafa árið 1993 í framangreindri stöðu sinni dregið sér samtals 1.508.889 kr. af fé lífeyrissjóðsins með því að gefa út og ráðstafa í eigin þágu andvirði sjö tókka, út gefinna á tékkareikninga sjóðsins, og bókfæra sem hluta af kaupverði neðangreindra skuldabréfa, sem sjóðurinn keypti af meðákærða Þorláki Ómari og sundurliðast sem hér greinir:

Tékkar		Skuldabréfakaup					
Dags.	Fjárhæð	Skuldari	Út gefið	Fjárhæð í þús. kr.	Kaupdagur	Númer RLR	
4. 5.	kr. 182.000	Aðalbjörn Aðalbjörnsson	16. 3.	1.700	3. 5.	2	
25. 5.	– 33.729	Guðbjörg Antonsdóttir	27. 4.	1.150	28. 4.	1	
1. 6.	– 384.000						
og 18. 6.	– 86.700	Húsaverk hf.	1. 6.	8.000	18. 6.	4	
1. 7.	– 52.460	Húsaverk hf.	1. 6.	2.000	30. 6.	5	
19. 7.	– 270.000	Frjálst framtak	15. 7.	3.750	16. 7.	6	
8. 12.	– 500.000	Húsaverk hf.	29. 11.	5.000	2. 12.	13	
Samtals kr. 1.508.889							

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

IV. Brot ákærða Þorláks Ómars á lögum um verðbréfavíðskipti.

Ákærða Þorláki Ómari, sem úrskurðaður var gjaldþrota 15. febrúar 1991, er gefið að sök að hafa tímabilið apríl 1993 til september 1994 með milligöngu um sölu gegn endurgjaldi á 55 skuldabréfum, samtals að nafnverði 100.587.872 kr., fyrir samtals 91.794.660 kr., til Lífeyrissjóðs Áburðarverksmiðju ríkisins með ólögmatum hætti stundað verðbréfamiðlun í merkingu 2. mgr. 1. gr. laga nr. 20/1989 um verðbréfavíðskipti og verðbréfasjóði og 2. tl. 1. gr. laga nr. 9/1993 um verðbréfavíðskipti án þess að vera löggiltur verðbréfamiðlari með starfsleyfi viðskiptaráðherra samkvæmt 3. mgr. 1. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 20/1989 og 3. tl. 1. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 9/1993.

Telst það varða við 3. gr., sbr. 37. gr. laga nr. 20/1989, og 3. gr., sbr. 39. gr. laga nr. 9/1993.

V. Brot ákærða Sveins á lögum um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða og lögum um löggilta endurskoðendur.

Ákærða Sveini er gefið að sök að hafa árið 1994 vanrækt skyldur sínar sem löggiltur endurskoðandi reikninga Lífeyrissjóðs starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins við endurskoðun á ársreikningi sjóðsins fyrir rekstrarárið 1993 með því að kanna ekki, hvort farið hefði verið að ákvæðum reglugerðar sjóðsins um meðferð og ávöxtun á fé hans við skuldabréfakaup á því ári fyrir samtals 39.897.400 kr., og gera ekki athugasemd við ranga tilgreiningu þeirra sem „bankabréf o. fl.“ í efnahagsreikningnum og í yfirliti um peningaflæði sem „keypt bankabréf“, þótt um engin slík bréf væri að ræða, og að hafa 15. apríl 1994 áritað ársreikning sjóðsins fyrir rekstrarárið 1993 fyrirvaralausri áritun um, að við endurskoðun hefði verið gerð nauðsynleg könnun á bókhaldi og bóhaldsgögnum og að ársreikningurinn gæfi í samræmi við viðteknar reikningsskilavenjur glöggja mynd af starfsemi sjóðsins og efnahag hans í árslok, þannig, að af áritun ákærða varð ekki annað ráðið en ársreikninginn hefði hann endurskoðað í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða nr. 27/1991 og reglur bankaeftirlits Seðlabanka Íslands, settar samkvæmt þeim, sbr. og 10. gr. laga nr. 67/1976 um löggilta endurskoðendur.

Telst það varða við 10. gr., sbr. 17. gr. laga nr. 67/1976 um löggilta endurskoðendur og 2. mgr. 3. gr., sbr. 6. gr. laga um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða nr. 27/1991, allt sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar.

Bótakrafa.

Lífeyrissjóður Áburðarverksmiðju ríkisins, kennitala 430269-1949, Gufunesi við Vesturlandsveg, Reykjavík, krefst þess, að ákærði Þorsteinn Víðir verði dæmdur til að greiða skaðabætur, 2.308.889 kr., með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 4. 5. '93 til 26.

11. 1994, eins og nánar greinir í fram lagðri bótakröfu, dagsettri 20. janúar 1995, og með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags“.

Við meðferð málsins hefur ákærvaldið fallið frá að ákæra vegna II. kafla ákæru. Þá hefur orðið „starfsmanna“ fallið niður tvívegis í ákærinni, þar sem á að standa Lífeyrissjóðs starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins, en stendur Lífeyrissjóðs Áburðarverksmiðju ríkisins. Loks hefur verið leiðrétt í I. kafla ákæru, A-lið 1, að kaupdagur 7.000.000 króna bréfs er 24. 9., en ekki 29. 10.

Með bréfi, dagsettu 26. október 1994, óskaði stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins hf. eftir því við Rannsóknarlögreglu ríkisins, að fram færi þegar í stað rannsókn á skuldabréfakaupum sjóðsins undanfarin misseri, en umsjónarmaður sjóðsins hafði verið um árabíl ákærði Þorsteinn Víðir Þórðarson. Fram fór umfangsmikil rannsókn málsins, sem leiddi til opinberrar málshöfðunar með þeim sakargiftum, sem frá greinir í ákæru.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærðu og vitna um sakargiftir.

Ákærði Þorsteinn Víðir kveðst hafa hafið störf hjá Áburðarverksmiðju ríkisins 25. september 1965 og starfað þar óslitið, þar til honum var vikið frá, með þeirri undantekningu, að hann var í launalausum leyfi sex mánuði nokkru fyrir 1980. Ákærði var sölustjóri allan tímann, en kveðst auk þess hafa séð um lífeyrissjóðinn frá 1973 í launalausum starfi.

Ákærði neitar að hafa misnotað aðstöðu sína í þágu ákærða Þorláks Ómars og þeirra aðila, sem hann sá um skuldabréfasölu fyrir, en hafa verið fjármunum Lífeyrissjóðs starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins til að kaupa þau 55 veðskuldabréf, að nafnverði samtals 100.587.872 krónur, sem nánar er gerð grein fyrir í ákæru, og hafi mörg þessara bréfa verið algjörlega trygg og sum þeirra nú að fullu greidd.

Ákærði segir, að í Berjarima 20–28 séu um 30 íbúðir, sem allar voru að nálgast fohheldisstig, sem gerði þær söluhafar. Þá hafi að mestu verið gengið frá lóð. Ákærði kveðst við kaup bréfanna hafa stuðst við almennt söluamat fasteigna á fasteignamarkaði, en framkvæmdir verið stöðvaðar og það að sjálfsögðu rýrt söluverðmæti hússins, eins og það sé nú. Segir ákærði það hafa verið á valdi tveggja helstu kröfuhafanna að halda áfram framkvæmdum, en það hafi ekki verið gert og með því verið stórskadaðir hagsmunir sjóðsins, sem hafi ásamt steypustöð BM Vallá verið helstu kröfuhafar.

Ákærði stóð á umræddum tíma í þeirri trú, að hann hefði heimild innan umboðs síns til þess að framselja það innan vissra takmarka til að undirrita eitt ákveðið leyfi, sem þegar lá fyrir, hvernig átti að vera. Segist ákærði hafa

haft þessa trú, þegar hann gaf þær tvær heimildir til ákærða Þorláks Ómars, sem honum er gefið að sök að hafa gert í heimildarleysi.

Ákærði segir, að þegar fyrir lá það mat frá Jóni Guðmundssyni fasteignasala, að væntanlegt söluverðmæti húseignarinnar Skiphólts 50 D væri 100–110 milljónir, og auk þess mat frá öðrum fasteignasala, sem ákærði man ekki nákvæmlega, hver var, en matið var svipað, en betur rökstutt frá þessum aðila, hafi ákærði talið tryggt að kaupa þau 20 skuldabréf, að nafnverði 42.400.000 krónur, sem tryggt voru með veði í fyrrgreindri fasteign, sem sé 2550 fermetrar að stærð, 5 hæðir, verslunar- og þjónustuhús, byggt á besta stað í borginni. Þá segir ákærði, að þegar umrætt hús var selt á uppboði 14. mars sl., hafi Lífeyrissjóður lækna hirt það á 36.000.000 króna og endurselt það nokkrum vikum síðar verktakafyrirtækinu Ármannsfelli hf. á 45.000.000 króna, þá í tæplega fokheldu ástandi. Nú sé eignin til sölu hjá Ármannsfelli hf. á 172.900.000 krónur. Telur ákærði, að Ármannsfell hf. hafi lagt í húsið, áður en það var sett í sölu, 20–40 milljónir króna. Er húsið nú til sölu fokhelt að innan, en sameign fullbúin. Telur ákærði, að stjórnendur lífeyrissjóðsins hafi með aðgerðarleysi sínu skaðað sjóðinn um 40–50 milljónir.

Ákærði kveðst hafa 12. september 1994 afhent ákærða Þorláki Ómari tékka þann, að fjárhæð 800.000 krónur, sem frá greinir í B-lið I. kafla ákæru, en ákærði var að kaupa skuldabréf fyrir þessa fjárhæð í því skyni að nota andvirðið til framkvæmda við Berjarimahúsið, svo að það kæmist í söluhæft ástand. Þegar hann afhenti tékkann, var honum sagt, að bréfið, sem hann ætlaði að kaupa, væri að fjárhæð í kringum 1 milljón króna og væri í þinglýsingu. Þegar til kom, reyndist bréfið vera um 3 milljónir að nafnverði, og var ákærði ekki tilbúinn að kaupa það, en vildi láta skipta því í smærri fjárhæðir eða kaupa annað sambærilegt bréf með tryggara veði, en síðan hafi sprengjan fallið. Með þessu á ákærði við það, að haldinn var fundur með Hákonni Björnssyni og Kristjáni Magnasyni, þar sem ákærði var sakaður um að hafa stolið 25–30 milljónum króna, og kom frétt um þetta í hádegisfréttum útvarpsins á fimmtudegi eftir fundinn, sem ákærði man ekki nákvæmlega, hvenær haldinn var. Þá var birt frétt um umræddan atburð í Pressunni sama dag. Eftir þetta hefur ákærði ekki haft aðgang að verksmiðjувæðinu og ekki komist þangað öðruvísi en í lögregluþylgd til að sækja persónulega muni sína.

Ákærði segir vegna sakargiftanna í II. kafla ákæru, að hann hafi aldrei gert ársreikning lífeyrissjóðsins, en löggiltur endurskoðandi sjóðsins, ákærði Sveinn, hafi staðið að gerð reikningsins fyrir árið 1993. Ákærði kveðst því saklaus af því, sem honum er gefið að sök í þessum kafla ákæru.

Ákærði segir það hafa verið Verk- og kerfisfræðistofuna hf., sem setti

upp skuldabréfakerfið Vísi fyrir lífeyrissjóðinn til að samræma það, svo að hægt væri að keyra það í árslok inn í fjárhagsbókhald lífeyrissjóðsins, sem var sama kerfi og Áburðarverksmiðjan notaði. Var skuldabréfaeign sjóðsins flokkuð í fjóra meginflokka, þ. e. húsbref, skuldabref sjóðfélaga, spari-skírteini ríkissjóðs og loks bankabref og öll önnur bref í sama flokki. Segir ákærði skýringuna á því, að notað sé orðið bankabref í ársreikningum sjóðsins, þá, að um 80% bréfa í þessum flokki hafi verið bankabref á umræddum tíma og í skýrslu stjórnar sjóðsins, sem sé samin af ákærða Sveini, sé skýrt tekið fram, að keypt hafi verið önnur bref fyrir 39 milljónir króna og flokkuð sem bankabref. Hafi því ekki verið um villandi upplýsingar að ræða í efnahagsreikningnum fyrir árið 1993.

Ákærði neitar algjörlega að hafa dregið sér árið 1993 samtals 1.508.889 krónur af fé lífeyrissjóðsins. Hann kveðst hafa lánað ákærða Þorláki Ómari fé, sem ákærði kveðst hafa lagt fram ávísanir fyrir að hluta, sem séu gögn í málinu, en mismunurinn hafi verið peningar. Þessi skuld ákærða Þorláks Ómars við ákærða var síðan gerð upp með þeim tékkum, sem fjárdráttar-ákæran fjallar um. Var um að ræða hluta af því kaupverði, er ákærði Þorlákur Ómar kvittaði fyrir sem kaupvirði bréfanna, er sum séu að fullu greidd. Nefnir ákærði sem dæmi, að bref Guðbjargar Antonsdóttur sé greitt að fullu. Svo sé einnig um bref, sem Frjálst framtak gaf út. Eitt bref fór í vanskil og var í lögfræðiiinnheimtu. Það mun vera greitt nú. Ákærði tekur fram um þennan lið, að andvirði þessara bréfa hafi að fullu skilað sér til sjóðsins.

Ákærði telur sig hafa haldið sig innan ramma reglugerðar lífeyrissjóðsins við kaup skuldabréfanna 55 og innan 50% reglunnar við kaup flestra bréfanna. Hann kveðst hins vegar ekki hafa kallað til þá matsmenn, sem um er rætt í reglugerð sjóðsins. Ákærði segir, að það sé ekki skilningur sinn né annarra, sem starfa við lífeyrissjóði og hann hefur rætt við, að áðurgreind grein í reglugerðinni eigi eingöngu við sjóðfélaga. Hún eigi við um almenn skuldabréfakaup. Ákærði segist ekki hafa rætt við stjórn sjóðsins um kaup einstakra skuldabréfa, og hafi það verið verklagsregla, sem stjórnin vissi um, að kaup bréfa væru algerlega verksvið ákærða. Þá hafi stjórnin jafnan fylgst með, hvaða bref höfðu verið keypt, og vissi stjórnin, að ávöxtun hafði aukist. Komi skýrt fram í ársreikningunum, að nær engin húsbref hafi verið keypt árið 1993. Samt jukust affallatekjur í ársreikningnum, sem sýndu, að bref með afföllum voru keypt.

Ákærði kveðst enga ástæðu hafa haft til að efast um, að ákærði Þorlákur Ómar hefði leyfi til að stunda verðbréfamiðlun. Segir ákærði, að enda þótt Hákon Björnsson og fleiri hafi lýst yfir, að þeir þekktu ekki deili á ákærða Þorláki Ómari, hafi Hákon vel vitað, hver hann var, en hann hafði selt þrjár

íbúðir fyrir Áburðarverksmiðjuna árin 1990–1992. Voru þetta íbúðir, sem Áburðarverksmiðjan eignaðist vegna skulda viðskiptavina.

Ákærði mundi ekki eftir, þegar hann gaf ákærða Þorláki Ómari umboð til að undirrita veðleyfi, að til var samþykkt frá 1978 um, að honum bæri að fá samþykki löggilts endurskoðanda til slíkrar gjörðar. Var það verklagsregla, að ekki var leitað til endurskoðanda við aðstæður sem þessar.

Ákærði skoðaði eignina að Skipholti 50 D í febrúar 1994, áður en hann keypti fyrsta skuldabréfið með veði í eigninni, og sannfærðist um, að bréfin, sem hann var að kaupa, stæðu undir þeim kröfum, sem ákærði gerði um veðhæfi þeirra.

Ákærði kveðst að sjálfsgöðu hafa reiknað út stöðu lánanna á 1. og 2. veðrétti, þegar hann keypti skuldabréf nr. 25200 með 3. veðrétt. Ákærði taldi á þessum tíma, að verðmæti eignarinnar, sem búið væri að gera, væri a. m. k. 65% af matinu á allri eigninni, en um var að ræða verðmætasta hluta hússins. Ákærði telur óhætt að lána út á 50–70% af áætluðu söluverðmæti viðkomandi eignar hverju sinni, þegar um áhættulán sé að ræða. Séu lífeyrissjóðir nú að kaupa slík bréf fyrir hundruð milljóna á hverju ári. Ekki kom til álita að leita til matsmanna á vegum ríkisins til að meta eignina, áður en lánið var veitt. Ákærði kveðst öðru hverju hafa farið fram hjá Skipholti 50 D, eftir að hann keypti fyrsta bréfið með veði í eigninni og fram til 1. september 1994, þegar síðasta bréfið var keypt, og fylgdist með því, hvernig framkvæmdum miðaði. Ákærða minnir, að þegar síðustu 3–4 bréfin voru keypt, hafi svo verið komið framkvæmdum, að byrjað hafi verið að reisa 4. hæð. Ákærði stóð í þeirri trú, að það fé, sem hann var að lána til framkvæmdanna, væri notað til þeirra, og vissi, að fleiri lífeyrissjóðir lánuðu til þeirra. Ákærði óskaði eftir því við ákærða Þorlák Ómar, að hann hlutaðist til um að meta, hvað kostaði að gera eignina fokhelda, þegar byrjað var á 4. hæð. Ekki gafst tími til að fá þetta mat, og lauk störfum ákærða hjá sjóðnum, áður en svo yrði.

Ákærði vissi ekki um samband ákærða Þorláks Ómars við framkvæmdaðila að byggingunum tveimur, en vissi, að hann hafði meira samband við þá, sem voru með Berjarimaframkvæmdina.

Ákærði segir, að 3.000.000 króna bréfið, sem um ræðir vegna tékkans að fjárhæð 800.000 krónur, hafi legið hjá Grétari Haraldssyni hrl. sem trygging, og hafði ákærði kvittun frá Grétari fyrir vörslum hans á bréfinu. Ákærði greiddi umræddar 800.000 krónur til að tryggja framhald framkvæmda, sem hann taldi hag lífeyrissjóðsins.

Ákærða voru ljósar þær sérstöku reglur um gerð ársreikninga, sem bankaeftirlit Seðlabanka Íslands gefur út á grundvelli laga um ársreikninga

og endurskoðun lífeyrissjóða, og undirritaði skýrslu til Seðlabankans, bankaeftirlits, dagsetta 15. apríl 1994, en skýrsla þessi fylgdi ársreikningnum til bankans. Segir ákærði, að skýrsla lífeyrissjóðsins til Seðlabankans hafi ekki verið kynnt stjórninni sérstaklega á stjórnarfundum 7. júní 1994 og ekki verið venja að gera það, en hún hafi legið frammi á fundinum. Ákærði kynnti ekki stjórninni sérstaklega liði ársreikningsins á umræddum fundi og segir það ekki hafa verið í sínum verkahring, heldur gjaldkerans. Ákærði kannast ekki við að hafa átt í persónulegum viðskiptum við ákærða Þorlák Ómar, nema hann hafi lánað honum peninga og heildarfjárhæð verið sú, sem frá greinir í III. kafla ákæru, og veitt með sjö tékkum og einnig peningum.

Ákærði Þorlákur Ómar segist hafa verið úrskurðaður gjaldþrota 15. febrúar 1991, en fengið bú sitt afhent að nýju fyrir 2–3 mánuðum. Ákærði staðfestir, að hann hafi verið meðalgöngumaður um sölu á skuldabréfunum 55 til Lífeyrissjóðs starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins og fengið þóknun fyrir sölu þeirra flestra, en ekki allra.

Ákærði kannast ekki við að hafa með framangreindum viðskiptum á ólögmetan hátt stundað verðbréfamiðlun í merkingu laga um verðbréfavíðskipti og verðbréfasjóði, enda sé hann ekki löggiltur verðbréfamiðlari með starfsleyfi viðskiptaráðherra. Leit ákærði ekki á þessi viðskipti sem opinbera verðbréfamiðlun, heldur leit hann á þessi störf sín sem gerð í þágu þeirra aðila, er hann vann fyrir.

Ákærði segir seljendum bréfanna 29 hafa verið kunnugt um kaupverð kaupanda hverju sinni. Ekki getur ákærði upplýst nákvæmlega, hvað hann fékk í þóknun fyrir sölu bréfanna hjá seljendum þeirra, en hann hafi verið starfsmaður hjá Rim hf., þegar verið var að reisa Berjarima 20–28, og vann ýmis önnur störf en að annast sölu bréfanna, en einu laun hans hjá fyrirtækinu voru þau, sem hann fékk fyrir sölu þeirra. Ákærði segir, að stundum hafi hann sjálfur greitt af söluandvirði bréfanna ýmsar skuldir fyrirtækisins, en í önnur skipti hafi hann afhent forráðamönnum fyrirtækisins greiðslurnar. Ákærði kveðst ekki hafa gefið út sérstakar kvittanir fyrir þeirri þóknun, sem hann fékk fyrir sölu bréfanna með veði í Berjarimahúsunum, og er óúppgert, hvað ákærða bar í sinn hlut, en hann hefur staðið skil á öllu kaupverðinu. Ákærði tekur fram, að hann hafi ekki stundað verðbréfavíðskipti, og séu bréf þau, sem um ræðir í máli þessu, hin einu, sem hann hafði afskipti af með sölu á. Ákærði segir, að í einhverjum tilvikum hafi greiðslur bréfanna verið inntar af hendi, áður en þinglýsing fór fram, og hafi fjárþörf seljenda almennt ráðið þessu. Þessu var svo háttað bæði um Berjarima og Skipholt.

Ákærði kannast við, að ákærði Þorsteinn Víðir hafi lánað sér fé persónulega. Voru tékkarnir í III. kafla ákæru, að fjárhæð 384.000 kr. og 86.700 kr., endurgreiðsla á þessum persónulegu lánum. Ákærði man ekki, hvort ákærða Þorsteini Víði var kynnt, hvaða áhrif veðleyfið frá 10. mars 1994, sem ákærði fékk umboð til þess að undirrita, átti að hafa á tryggingar lífeyrissjóðsins í Berjarímanum.

Ákærði minnst þess ekki að hafa staðið að því að kynna ákærða Þorsteini Víði sérstaklega framkvæmdirnar við Skipholt 50 D, áður en hann keypti veðskuldabréf í þeirri eign. Ákærði kveðst sjálfur hafa selt Jörgen Inga Erlingssyni lóðina að Skipholti 50 D og, að hann minnir, fyrir u. þ. b. 25 milljónir króna. Ákærði kveðst ekki muna, hversu langt framkvæmdum var komið við húsið, þegar fyrsta bréfið með veði í því var keypt, en þegar ákærði seldi lóðina, var búið að steypa sökklá og hluta af framhúsi.

Ákærði segir störfum sínum fyrir Jörgen Inga hafa verið háttáð á sama veg og fyrir Rim hf. og launakjör með svipuðum hætti. Ákærði man, að Lífeyrissjóður lækna keypti einnig veðskuldabréf með veði í Skipholtinu. Ákærði sagði Jörgen Inga frá því, hvert hefði verið kaupverð þeirra bréfa, sem ákærði seldi Lífeyrissjóði starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins. Ákærði segir, að sala skuldabréfanna hafi verið einkafyrirtæki sín sjálfs, en hann hafi auk framangreindra starfa unnið árið 1993 hjá Frjálsu framtaki. Segir ákærði, að tekjurnar af sölu bréfanna í Berjarímanum árið 1993 séu innifaldar í launatekjum sínum á skattframtali það ár. Kveður ákærði aðra lífeyrissjóði hafa keypt skuldabréf með veði í Berjarímanum.

Ákærði Sveinn kannast ekki við að hafa vanrækt skyldur sínar árið 1994 sem löggiltur endurskoðandi reikninga Lífeyrissjóðs starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins við endurskoðun á ársreikningi sjóðsins rekstrarárið 1993 og telur sig hafa unnið eftir reglugerð sjóðsins um meðferð og ávöxtun á fé hans við skuldabréfakaup. Vekur ákærði athygli á því, að í reglugerðinni sé ekki ákvæði um löggiltan endurskoðanda við sjóðinn, heldur kjörna skoðunarmenn. Ákærði kveðst eiga erfitt með að skilja, að um ranga tilgreiningu sé að ræða í liðnum bankabréf o. fl., en staðfestir, að engin bankabréf hafi verið keypt árið 1993. Hann segir, að í þessum lið hafi verið taldar til eigna á árslok 1993 um 48 milljónir í bankabréfum og 42 milljónir í öðrum bréfum, ef ákærði man rétt. Ákærði kannast ekki við, að hann hafi brotið ákvæði laga um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða með því að árita ársreikning sjóðsins fyrir rekstrarárið 1993 fyrirvaralausri áritun um, að við endurskoðun hefði verið gerð nauðsynleg könnun á bókhaldi og bókhaldsgögnum og að reikningurinn gæfi glögga mynd af starfsemi sjóðsins og efnahag í árslok, en segir, að þær forsendur, sem hann miðaði við í

gerð reikningsins, virðist ekki hafa verið alveg réttar. Ekki kvaðst ákærði vita betur en stjórn sjóðsins væri fullkunnugt um kaup á þessum bréfum, sem mál þetta snýst um að hluta. Þá geti verðmæti eigna breyst með tímanum.

Ákærði segir sér kunnugt um 2. gr. laga nr. 27/1991 um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða. Hann man ekki eftir því að hafa kannað, hvort bóúð var að þinglýsa veðskuldabréfum, sem sjóðurinn hafði keypt, áður en kaupverðið var reitt af hendi. Ákærði minnst þess ekki, að í gögnum sjóðsins við endurskoðun hafi legið frammi útreikningar um stöðu áhvilandi lána á þeim tveimur eignum, sem frá greinir í ákæru. Hann man þó eftir, að legið hafi fyrir veðbókarvottorð og sölumatsverð í einhverjum tilvikum.

Ákærði segir, að upphaflega, þegar hann hóf endurskoðun hjá lífeyrissjóðnum, líklega 1976, hafi aðeins verið um að ræða skuldabréfakaup frá sjóðþegum, síðar hafi verið keypt spariskírteini og enn síðar skuldabréf frá Húsnæðismálastofnun, Byggingarsjóði ríkisins og Framkvæmdasjóði. Ákærði telur, að það hafi verið árið 1985, sem fyrst voru keypt bréf af veðdeild Iðnaðarbankans. Eftir þetta var farið að kaupa bréf af ýmsum fyrirtækjum og stofnunum. Var um misjafnlega mikið að ræða eftir árum. Ekki segir ákærði, að verið hafi að finna í gögnum sjóðsins mat á þessum umræddu eignum, Berjarima og Skipholti.

Ákærði segir það hafa verið eigið mat, en ekki annarra, sem lá fyrir, þegar hann var að meta veðsetningarnar á Berjarima við lok efnahagsreikningsársins 1993. Ákærði taldi enga annmarka í bókhaldskerfi sjóðsins, sem ástæða væri að gera athugasemdir við, þegar hann gekk frá reikningnum. Stóð ákærði í þeirri trú, að umrædd bréf væru keypt með vitund og vilja stjórnar sjóðsins. Hann kannaði þó ekki fundargerðir ársins 1993, en vekur athygli á því, að í þeim sé ekkert um umrædd skuldabréfakaup. Ákærði sá ekki ástæðu til þess, þegar hann gekk frá ársreikningnum fyrir árið 1993, að sérgreina frekar en bankabréf o. fl. það, sem þar hefði átt heima, þótt ekki væru öll bréfin bankabréf. Ákærði kveður sér ekki hafa verið kynnta fundarsamþykkt frá 1978 um það, að bera skyldi undir löggiltan endurskoðanda útgáfu veðleyfa. Minnst ákærði þess ekki, að slíkt hafi verið gert.

Ákærði sat ekki fundi stjórnarinnar, þegar ársreikningurinn var ræddur, en lét vita, að hann væri reiðubúinn að sitja þá, ef ástæða þætti til. Fékk ákærði við því það svar, að ekki væri ástæða til fundarsetu af hans hálfu. Minnir ákærða, að þetta svar hafi hann fengið árið 1992. Telur ákærði, að hann hafi áður verið búinn að bjóðast til fundarsetu og fengið svipað svar. Ákærði segir, að kjörnir skoðunarmenn hafi aldrei haft samband við sig vegna skoðunar á ársreikningi lífeyrissjóðsins.

Ákærði kveðst ekki hafa starfað sem endurskoðandi fyrir Áburðarverk-

smiðjuna, en þegar hann var við nám, annaðist skrifstofa sú, sem hann starfaði á, endurskoðun hennar, og var ákærði einhvern tíma sendur þangað. Ákærði kveðst hafa fengið réttindi sem löggiltur endurskoðandi árið 1975.

Vitnið Kristján Magnason, Skógarási 3 í Reykjavík, kveðst hafa verið framkvæmdastjóri fyrir byggingarfyrirtækið Rim hf., og starfaði ákærði Þorlákur Ómar á vegum fyrirtækisins sem framkvæmdastjóri um tíma, 1 1/2 til 2 mánuði. Hluti af störfum ákærða var að selja skuldabréf með veði í Berjaríma 20–30, og hófst þetta starf ákærða um mitt ár 1993. Vitnið var framkvæmdastjóri á undan ákærða og tók aftur við af honum.

Vitnið segir, að þegar flestar íbúðirnar hafi verið veðsettar, muni hafa verið um að ræða 24 íbúðir fram að fokheldisvottorði. Vitnið vissi ekki, hvar bréfin voru seld, fyrr en rétt um það leyti, sem ákærði Þorsteinn Víðir hætti störfum við lífeyrissjóðinn. Vitnið getur ekki upplýst, hversu mikið af kaupverði bréfanna með veði í Berjarímanum rann til fyrirtækjanna, sem stóðu að smíði húsanna. Voru einhverjar kvittanir gefnar af ákærða Þorláki Ómari, en þó ekki alltaf, þegar sölur höfðu farið fram. Vitnið segir, að þóknun ákærða Þorláks Ómars vegna bréfanna hafi átt að vera bæði fyrir sölu þeirra og önnur störf hans í þágu fyrirtækjanna Rimar hf. og Húsa-verks hf.

Vitnið Óskar Ómar Ström, Hjallavegi 50 í Reykjavík, kveðst hafa rekið fyrirtækið Ómar og Gunnar sf. og staðið að stofnun Rimar hf., er taka skyldi við byggingarframkvæmdum í Berjaríma 20–28, sem voru að stöðvast vegna fjárskorts í árslok 1993.

Vitnið kannast við skuldabréf, að fjárhæð 9 milljónir króna, út gefið 19. 4. 1994, en með kaupdag 7. 1. '94, og nafnritun sína á því, en veit ekki um söluverð bréfsins og vissi ekki, að bréfið hafði verið greitt út rúmum þremur mánuðum fyrir skráðan útgáfudag skv. tékka, sem frammi liggur í málinu. Vitnið hafði engin afskipti af fjármálum Rimar hf. og veit því ekki um söluverð hlutabréfa í fyrirtækinu, en hafði trú á því, að hlutabréf þess í fyrirtækinu væru einhvers virði í nóvember 1994. Vitnið veit ekki, hvað varð um söluverð hlutabréfanna, sem það átti í fyrirtækinu.

Vitnið Gunnar Arnbjörn Ström, Reynihlíð 13 í Reykjavík, var annar tveggja eigenda að fyrirtækinu Ómari og Gunnari sf., sem kom að byggingarframkvæmdum í Berjaríma 20–28, þegar fyrirtækið Húsa verk hf. hætti. Í kjölfar þessa urðu vitnið og bróðir þess, Óskar Ómar, hluthafar í fyrirtækinu Rim hf., sem hélt áfram byggingarframkvæmdum í Berjaríma. Vitnið hafði engin afskipti af fjármálum fyrirtækjanna tveggja og getur því ekki borið neitt um skuldabréfasölu á vegum fyrirtækjanna.

Vitnið kannast ekki við að hafa fengið greitt fyrir hlutabréf þau, sem það átti í fyrirtækinu og voru seld. Segir vitnið, að ákærði Þorlákur Ómar hafi séð um fjármál Rimar hf., á meðan vitnið átti hlut í fyrirtækinu og starfaði við það.

Vitnið Grétar Haraldsson hæstaréttarlögmaður, Snælandi 8 í Reykjavík, segist ekki hafa átt nein viðskipti við Lífeyrissjóð starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins vegna skuldabréfa að öðru leyti en því, að það hafi fengið til innheimtu í september 1994 nokkur bréf, sem voru í vanskilum, einhver þeirra með veði í húseign við Berjarima.

Vitnið kannast við að hafa samið veðleyfið frá 10. mars 1994, en hins vegar hafi það ekkert kannað um veðhæfi viðkomandi eigna.

Vitnið staðfestir, að það hafi einhvern tíma, eftir að það tók við innheimtubréfunum, komið til fundar við ákærða Þorstein Víði eftir 20 ára hlé og var þá í fylgd með ákærða Þorláki Ómari. Tilefni fundarins var að ræða um vanskilabréfin. Þá var einnig rætt, hvernig tryggja mætti, að veðskuldabréfin í Berjarimahúsunum greiddust örugglega. Kveðst vitnið hafa lagt töluverða vinnu í þetta verkefni og er þeirrar skoðunar í dag, að takast hefði mátt að fá öll bréfin greidd. Áður en búið var að ganga frá þessu máli, lauk störfum ákærða Þorsteins Víðis í þágu Lífeyrissjóðs starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins. Engar ákvarðanir voru teknar á áðurgreindum fundi, en til þess að bjarga hefði mátt málinu, þurfti meira fé til að ljúka byggingu húseignanna.

Vitnið kannast við greiðslukvittun, að fjárhæð 800.000 krónur, dags. 12. 9. 1994, undirritaða af Þorláki Einarssyni, og hafa fengið framangreinda fjárhæð, sem fór til að leysa einhver fjárhagsmál vegna bygginganna í Berjarima, svo að framkvæmdir stöðvuðust ekki, á meðan leitað væri annarra leiða í fjármálunum. Gerði vitnið sér grein fyrir á þessum tíma, að staða Lífeyrissjóðs starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins væri slæm og ótrygg um greiðslu bréfanna, sem tryggð voru með veði í þessari eign, ef ekki væri haldið áfram með framkvæmdirnar og þeim lokið. Vitnið fékk til baka síðar fyrrgreinda fjárhæð og hefur gert hana upp, en vitnið veit ekki, hvert fjárhæðin rann endanlega né hvaðan hún kom. Vitnið kveðst hafa náð fjárhæðinni út úr tryggingu, sem það hafði í höndum.

Vitnið Jörgen Erlingsson, Skógarási 4, Reykjavík, var framkvæmdastjóri byggingafyrirtækisins Jeco hf., sem keypti af auglýsingastofunni Auk hf. lóðina að Skipholti 50 D ásamt byrjunarframkvæmdum í því skyni að reisa þar verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Fyrirtæki vitnisins hélt framkvæmdum áfram og gerði húsið nánast fokhelt, en þá komst fyrirtækið í fjárhagsvand-ræði. Var húsið selt á nauðungaruppboði, og lauk þar afskiptum vitnisins og fyrirtækis þess af umræddum byggingarframkvæmdum.

Á meðan fyrirtæki vitnisins stóð að framkvæmdunum, fékk það mörg lán, tryggð með veði í Skipholti 50 D. Gaf fyrirtækið út bréf, tryggð með veði í eigninni. Vitnið sá um fjármál fyrirtækisins og staðfestir, að skulda-bréf, út gefið 25. 12. '93, að fjárhæð 4.500.000 krónur, sé hið fyrsta af 20 bréfum, sem fyrirtækið gaf út vegna þessara framkvæmda, en sala bréfanna fór fram fyrir meðalgöngu ákærða Þorláks Ómars, sem einnig hafði haft meðalgöngu, þegar fyrirtæki ákærða keypti lóðina og byrjunarframkvæmd-ina, en hann hafi fengið 2% af söluverði bréfanna í sölulaun. Þessi laun hans áttu einnig að vera fyrir aðra vinnu, sem hann innti af hendi fyrir fyrir-tæki ákærða, en önnur laun hlaut hann ekki hjá því. Vitnið stendur í þeirri trú, að jafnan þegar bréf voru keypt með veði í eigninni, hafi hvílt á eign-inni að þeim við bættum innan við 50% af verðmæti eignarinnar hverju sinni. Vitnið segir það skoðun sína, að það hafi spillt fyrir Lífeyrissjóði starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins, að stjórn hans skyldi ekki bæta við fjármögnun sína í bygginguna við Skipholt 10–15 milljónum, svo að hús-íð yrði að fullu fokhelt, en 4. hæð vantaði og „pent house“. Hluti af því efni, sem vantaði, hefur þegar verið framleiddur. Vitnið segir, að ýmsir sjóðir hafi hafnað kaupum á fleiri bréfum í eigninni, og gerðist það um það leyti, sem framkvæmdir voru að stöðvast við bygginguna.

Vitnið segir, að fyrirtæki þess hafi verið framkvæmdaraðili við bygging-una, en ekki verktaki, og hafi það átt að sjá um úttekt á byggingunni, eftir því sem henni miðaði áfram, og hafi það gert það, að vitnið best veit.

Vitnið Valur Leonard Valdimarsson, Jakaseli 12 í Reykjavík, var kjörið annar tveggja skoðunarmanna ársreiknings Lífeyrissjóðs starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins árið 1993 og hafði einnig verið skoðunarmaður reikningsins árin 1991 og 1992. Vitnið var kjörið skoðunarmaður af starfs-mönnum Áburðarverksmiðjunnar, en kynnti sér ekki þær reglur, sem giltu um endurskoðun á lífeyrissjóðum. Vitnið kynnir sér það, sem segir í 2. gr. umræddra reglna, og er síðan spurt að því, hvort það hafi gert eitthvað af því, sem talið er upp í greininni. Það segir svo ekki vera. Taldi vitnið sitt hlutverk vera að fylgjast með því, hvort reikningurinn hefði verið settur upp og skoðaður af löggiltum endurskoðanda. Ekki hafði vitnið persónu-legt samband við löggilta endurskoðandann, áður en það ritaði á reikning-inn. Vitnið ræddi hvorki við aðra stjórnarmenn í lífeyrissjóðnum um reikn-inginn né annað, sem varðaði rekstur sjóðsins, áður en áritunin fór fram. Vitninu voru ekki kunn kaup sjóðsins á skuldaþréfum þeim, sem upp eru talin í ákæru málsins. Vitnið staðfestir, að þeir kjörnu skoðunarmennirnir hafi skrifað síðastir undir reikninginn fyrir árið 1993. Vitnið telur sig ekki hafa til að bera neina sérþekkingu til að lesa ársreikninga og fékk ársreikn-

inginn fyrir árið 1993 í hendur fáum dögum áður en áritunin fór fram, og fylgdi það með, að á lægi að ganga frá árituninni, svo að ekki yrði beitt dagsektum vegna dráttar á að skila reikningnum. Vitnið kveðst ekki hafa fengið bókhaldsgögn sjóðsins í hendur, áður en það ritaði undir ársreikninginn umrætt sinn, né það um þau.

Vitnið Kjartan Þorvarður Ólafsson, Hlöðutúni, Ölfushreppi í Árnassýslu, var fyrst kjörð skoðunarmaður Lífeyrissjóðs starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins á stjórnarfundum 22. mars 1991. Stóð vitnið að skoðun ársreikninganna fyrir árin 1991, 1992 og 1993.

Vitnið kom á skrifstofu fyrirtækisins hjá ákærða Þorsteini Víði, sem lagði fyrir vitnið umræddan ársreikning til skoðunar og áritunar. Það fylgdi með, bæði fyrst og aftur hjá ákærða Þorsteini Víði, að skammur tími væri til endurskoðunarinnar, þar sem reikningurinn væri orðinn á eftir tímanum og beðið eftir honum í Seðlabankanum hjá bankaeftirlitinu. Telur vitnið, að bókhaldsgögnin hafi verið á skrifstofunni, en vitnið segir, að ekki hafi verið farið yfir þau, áður en vitnið ritaði undir reikninginn. Vitnið getur ekkert svarað því, hvort því var boðið að skoða gögnin eða að það bæði um að fá að skoða þau. Vitnið segist hafa skoðað reikninginn og farið yfir alla liði hans með ákærða Þorsteini Víði og sá ekkert athugasvert við reikninginn við þessa skoðun og ritaði því undir hann, en ekki man vitnið, hvort hinn endurskoðandinn var þá búinn að skrifa undir eða ekki, en hann var ekki viðstaddur skoðun vitnisins á reikningnum.

Vitnið hefur aldrei séð reglugerð fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins frá 4. janúar 1993, og taldi það í verkahring löggilts endurskoðanda að sjá um, að endurskoðunin væri í samræmi við reglugerð sjóðsins og landslög. Vitnið telur, að hlutverk kjörins skoðunarmanns ársreikninga hjá Lífeyrissjóði starfsmanna Áburðarverksmiðjunnar sé að árita reikninginn, eftir að stjórn sjóðsins er búin að leggja reikninginn fram og löggiltur endurskoðandi að árita hann. Vitninu voru ekki ljós þau kaup á veðskuldabréfum, sem um getur í ákæru. Vitnið getur ekkert fullyrt, hvort aðrar eða einhverjar undirskriftir voru komnar á reikninginn, þegar það skrifaði undir hann.

Vitnið hefur aldrei séð né fengið í hendur reglur um gerð ársreikninga lífeyrissjóða og reglur um framkvæmd endurskoðunar hjá lífeyrissjóðum, en reglurnar eru gefnar út 30. desember 1991 af bankaftirliti Seðlabankans. Vitnið viðurkennir, að það hafi ekki kynnt sér lög og reglugerðir um endurskoðunina, þótt áritun þess sé á þann veg, að það hafi gert það. Vitnið minnst þess ekki að hafa rætt við stjórnarmenn í lífeyrissjóðnum um hag hans, áður en það áritaði ársreikninginn fyrir árið 1993. Vitninu var ekki

kunnugt, að keypt hefðu verið veðskuldabréf af fyrirtækjum og einstaklingum, sem ekki voru sjóðfélagar árið 1993, og ekki var kannað undir liðnum „bankabréf o. fl.“, hvaða önnur bréf væru færð undir liðinn. Var þetta hvorki gert með fyrirspurn né könnun gagna. Vitnið segir, að liðurinn „kaup á öðrum skuldabréfum“, að fjárhæð 39,9 milljónir, sem um getur í skýrslu stjórnarinnar, hafi ekki kallað á sérstök viðbrögð hjá vitninu, svo að það spyrðist fyrir um þessi kaup. Vitnið sneri sér ekki til löggilta endurskoðandans í neitt það skipti, þegar vitnið áritaði ársreikninginn, hvorki fyrst né síðast, og skrifaði undir reikninginn fyrir árið 1993 í þeirri trú, að hann væri í samræmi við lög og reglur um slíka reikninga, þar sem löggiltur endurskoðandi hefði staðið að gerð hans og það líka persónulegt álit vitnins, að reikningurinn væri í lagi.

Vitnið Hákon Björnsson, Akurholti 1 í Mosfellsbæ, er forstjóri Áburðarverksmiðjunnar hf. og hefur verið í 10 ár, en er ekki í stjórn hennar, en hefur verið í stjórn lífeyrissjóðsins alla tíð sína sem forstjóri og er gjaldkeri hennar.

Vitnið segir, að sér hafi ekki verið kunnugt um kaup ákærða Þorsteins Víðis á þeim 55 veðskuldabréfum, sem um er fjallað í ákæru málsins. Vitnið segir, að rætt hafi verið á stjórnarfundi, þegar vitnið kom inn í stjórnina, hvaða hlutverki gjaldkeri stjórnarinnar skyldi gegna, í ljósi þess, að umsjónarmaður sjóðsins annaðist fjárreiður sjóðsins og bókhald hans. Niðurstaða þessarar umræðu varð sú, að hér væri um að ræða almennt stjórnarstarf, þó þannig, að ef upp kæmu álitamál í starfi umsjónarmanns, skyldi hann bera það undir gjaldkera stjórnarinnar. Vitnið minnst þess ekki, að ákærði Þorsteinn Víðir bæri nokkru sinni utan stjórnarfunda upp við vitnið málefni um fjárfestingar sjóðsins. Hins vegar gerði ákærði það á stjórnarfundum að bera upp slík málefni við alla stjórnina.

Vitnið hefur túlkað 1. tl. 6. gr. reglugerðar fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins á þann veg, að þetta ákvæði væri haft í reglugerðinni til þess að gera sjóðfélögum kleift að selja sjóðnum skuldabréf. Vitnið gerði ráð fyrir því, að aðeins yrðu keypt bréf af sjóðfélögum og að ekki þyrfti að bera slíkt undir vitnið, þar sem í gildi væru ákveðnar reglur um kaup á þessum skuldabréfum. Vitnið minnst þess þó, að borið hafi verið undir það og aðra stjórnarmenn í sjóðnum, þegar til stóð að kaupa bréf af sjóðfélögum. Vitnið er þeirrar skoðunar, að bera hefði átt undir það fyrirhuguð kaup á öðrum skuldabréfum, þar sem slík kaup voru ekki innan þeirrar hefðar og starfsreglna, sem gilt höfðu.

Vitnið minnst ekki annars en ákærði Þorsteinn Víðir hafi útskýrt ársreikning lífeyrissjóðsins árið 1993 á stjórnarfundinum, þegar það var gert.

Vitnið minnst þess ekki, að liðurinn „langtímakröfur“ hafi verið ræddur á þessum fundi sérstaklega, en þó þykir vitninu það líklegt. Vitnið telur, að sundurliðun í skýrslu stjórnar um skuldabréfakaup ársins 1993 hafi verið rædd sérstaklega á stjórnarfundinum, þegar ársreikningurinn var útskýrður, og að stjórnarmenn hafi ályktað, að hér væri um að ræða bréf með banka-ábyrgð, í ljósi þess, að þeirra er getið í yfirliti yfir peningaflæði í reikningnum sem keypt bankabréf.

Vitnið man ekki annað en skoðunarmenn reikningsins árið 1993 hafi verið búnir að árita reikninginn, þegar hann var lagður fyrir stjórnarfund. Vitnið kveðst ekki hafa kannað sérstaklega, hvaða bréf höfðu verið keypt árið 1993 og fyrr.

Vitnið segir, að við það, að hætt var að taka við iðgjaldagreiðslum og veita sjóðfélögum lán, hafi stjórnarfundir orðið strjálly og því ekki haldnir frá því í júlí 1993 og fram í júní 1994. Ekki var talið rétt að fara út í áhættukaup á hlutabréfum, þótt heimild til slíks kæmi inn í reglugerð sjóðsins. Vitnið gat ekki sagt um á sínum tíma, hvaða bréf væru undir liðnum „bankabréf o. fl.“, þ. e. önnur en bankabréf. Taldi vitnið, að hér væri um að ræða bréf sambærileg bankabréfum. Vitnið segir, að stjórnin hafi ekki farið yfir lista um verðbréfaeign sjóðsins. Þá veit vitnið ekki, hvort hinn löggilti endurskoðandi sjóðsins var boðaður á stjórnarfund, þegar ársreikningar voru lagðir fram, og ekki veit vitnið, hvort umræddur endurskoðandi bauðst til að koma á þessa stjórnarfund. Vitnið minnir, að ákærði Þorsteinn Víðir hafi spurt um það á einhverjum stjórnarfund, þegar ræddur var ársreikningur sjóðsins, hvort rétt væri að kaupa svonefnd veltubríf. Niðurstaðan varð sú, að leita bæri hagstæðari ávöxtunar hjá bönkum og sparisjóðum. Vitnið man ekki nákvæmlega, hvenær þessi fyrirspurn var borin fram.

Vitnið segir, að þegar það fékk fyrstu vitneskju um skuldabréfakaupin, sem um er fjallað í málinu, hafi það haft samband við löggiltan endurskoðanda sjóðsins og lögmann Áburðarverksmiðjunnar til að ræða þetta mál. Í framhaldi þess sagði vitnið öðrum stjórnarmönnum frá málinu, og hélt stjórnin fund um málið án viðvistar ákærða Þorsteins Víðis. Þegar fundur þessi var haldinn, hafði ákærði Þorsteinn Víðir látið af störfum. Segir vitnið ástæðuna hafa verið þá, að vitninu barst vitneskja um það frá erlendum aðilum, að ákærði væri að leita eftir viðskiptum með áburð til innflutnings, og hefði það orðið í samkeppni við verksmiðjuna, sem vitnið taldi ekki samrýmast starfi ákærða hjá verksmiðjunni. Vitnið segir, að mál það, sem hér er til meðferðar, hafi ekki leitt til uppsagnar ákærða. Lífeyrissjóðurinn keypti ekki neitt af þeim eignum, sem hann átti veð í, þegar þær komu til nauðungarsölu.

Vitninu var ekki kunnugt um, af hvaða kaupum lífeyrissjóðsins affallatekjur komu, en telur, að lítið hafi verið svo á, að um væri að ræða afföll tengd húsbrefaviðskiptum. Vitnið man þó ekki, hvort keypt voru húsbref árið 1993.

Vitnið Steingrímur Viðar Haraldsson, Fífumýri 12 í Garðabæ, er og hefur verið stjórnarformaður Lífeyrissjóðs starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins frá árinu 1993.

Vitnið segir, að ákærði Þorsteinn Víðir hafi ekkert rætt við það um kaupin á veðskuldabréfunum. Vitnið kveðst sjálft hafa lagt ársreikning sjóðsins fyrir árið 1993 formlega fram á stjórnarfund, en þangað kom ákærði Þorsteinn Víðir með reikninginn og skýrði hann fyrir stjórnarmönnum, sem síðan skrifuðu upp á hann. Vitnið minnir, að ekki hafi legið þá fyrir undirritun kjörinna skoðunarmanna reikningsins, en annar þeirra hafi verið fjarverandi. Vitnið segir, að stjórnin hafi ekki skoðað bókhaldsgögnin, sem lágu að baki gerð reikningsins, heldur hann sjálfan, en á reikninginn var þegar komin áritun löggilts endurskoðanda sjóðsins. Vitnið man, að farið var í hvern líð reikningsins fyrir sig. Vitnið þorir þó ekki að fara með, hvernig liðurinn „bankabréf o. fl.“ var útskýrður. Var hvorki ræddur né skoðaður listi yfir keypt veðskuldabréf.

Vitnið segir ástæðu þess, að bætt var inn í reglugerð sjóðsins heimild til kaupa á hlutabréfum, hafa verið þá að hafa heimildina tiltæka, en hún hafi ekki verið notuð. Vitnið segir, að breytingin, sem varð á starfsemi sjóðsins eftir áðurgreinda reglugerðarbreytingu, hafi verið sú, að hætt var að taka við greiðslum í sjóðinn og lána sjóðfélögum. Var starfsemi sjóðsins ein-skorðuð við það að ávaxta fé hans, svo að það nægði fyrir lífeyrisskuldbindingum. Vitnið leit svo á, að ákærði Þorsteinn Víðir hefði heimild til að fjárfesta innan þeirra marka, sem fram koma í 6. gr. reglugerðar um sjóðinn, en ef hann væri í vafa, bæri honum að hafa samband við gjaldkera sjóðsins eða stjórnina. Vitnið minnir, að ákvæði reglugerðar lífeyrissjóðsins séu mjög áþekk ákvæðum reglugerða annarra lífeyrissjóða. Vitnið segir, að ekki hafi verið haldnir stjórnarfundir hjá lífeyrissjóðnum frá því í júlí 1993 og fram í júní 1994 vegna þess, að lítil starfsemi hafi verið hjá sjóðnum og dráttur á því, að reikningar sjóðsins bærust stjórninni. Vitnið segir, að það, forstjórnin og ákærði Þorsteinn Víðir hafi stundum rætt málefni sjóðsins utan funda og þá fjárfestingarstefnu hans. Segir vitnið, að aldrei hafi verið rætt um annars konar fjárfestingar en þær, sem rúmuðust innan 6. gr. reglugerðar sjóðsins. Vitnið telur, að skuldabréfakaupin, sem um er fjallað í ákæru málsins, hafi fallið utan við áður greinda 6. gr. Vitnið rökstyður þetta sérstaklega með því, að það telji, að í umræddri 6. gr. sé átt við, að heimilt sé

að kaupa af ríkinu, stofnunum ríkisins eða fyrirtækjum, sem gefa út skuldabréf með ríkisábyrgð. Vitnið kannast ekki við kaup sjóðsins á öðrum bréfum en bankabréfum. Vitnið hefur ekki heyrt, að ákærði Sveinn hafi óskað eftir að sitja stjórnarfund, þar sem ársreikningurinn væri ræddur, og man ekki heldur eftir því, að hann væri boðaður á þessa fundi af stjórninni. Vitnið segir í tilefni af áritun þess og félaga þess í stjórninni á skýrslu stjórnar, fylgjandi ársreikningnum árið 1993, að það hafi litið svo á, að þar greindar 39,9 milljónir króna væru kaup á bankabréfum, og sé það í samræmi við ársreikninginn sjálfan. Vitnið kveðst ekki hafa skoðað skýrslur bankaeftirlits Seðlabankans um hag lífeyrissjóða, eftir að vitnið varð formaður sjóðsins, og aldrei fengið þær í hendur og vissi ekki, að gefnar hefðu verið út þessar skýrslur. Vitnið kveðst ekki hafa kynnt sér reglur um gerð ársreikninga lífeyrissjóða og reglur um framkvæmd endurskoðunar hjá lífeyrissjóðum. Vitnið segir, að sjóðurinn hafi haft löggiltan endurskoðanda og ákærða Þorstein Víði sem starfsmann og treyst á þá, að þeir myndu sjá um að fara eftir settum reglum, þar sem þeir hefðu þekkinguna til þess. Vitnið segir, að ákærði Sveinn hafi þó ekki átt að sjá um fjárfestingar á vegum sjóðsins, það hafi verið á verksviði ákærða Þorsteins Víðis.

Vitnið segir stjórnina aldrei hafa sett reglur um, að heimilt væri að kaupa bréf utan heimildar 6. gr. reglugerðarinnar, og hafi ákærði Sveinn séð, að farið hafi verið út fyrir umrædda reglugerðarheimild, hefði hann átt að setja sínar athugasemdir fram um það. Vitnið segir, að í sínum huga sé hlutverk stjórnar lífeyrissjóðsins einkum að hafa leiðbeinandi reglur um það, hvað eigi að gera, og að spyrjast fyrir, ef brugðið er út af því, en daglegur rekstur sjóðsins hafi verið í höndum ákærða Þorsteins Víðis. Vitnið telur það ekki utan verksviðs sjóðsstjórnar og hafa eftirlit með eignum sjóðsins og fjármunum. Ekki var kallað eftir listum af hálfu stjórnarinnar um skuldabréfakaup og skuldabréfaeign, þar sem stjórnin treysti bæði ákærða Þorsteini Víði og ákærða Sveini eftir margra ára starf. Vitnið telur, að traust þeirra í stjórninni á þessum aðilum hafi ekki firrt hana ábyrgð.

Vitnið kannast við að hafa séð bréf bankaeftirlits Seðlabankans til stjórnar lífeyrissjóðsins, dags. 11. desember 1992. Segir vitnið, að fyrr á umræddu ári, en þá var vitnið í stjórninni án formennsku, hafi verið rætt um, hvernig bregðast ætti við vanda sjóðsins, en ekki var talið unnt að fá hærri ávöxtun á höfuðstólinn en þegar var fengin, og skv. greinargerð, sem lá fyrir frá Guðjóni Hansen, var tekin sú ákvörðun að loka fyrir sjóðinn og skerða öll réttindi um 15%. Eftir að bréfið barst, voru ekki teknar frekari ákvarðanir né frekar rætt um þetta efni í stjórn sjóðsins, enda talið, að búið væri að grípa til nægra ráðstafana, svo að sjóðurinn gæti staðið við skuldbindingar

síнар. Vitnið segist hafa fengið þá skýringu á sölu spariskírteina í eigu sjóðsins árið 1992, að keypt hefðu verið húsbref með afföllum og þannig fengist betri ávöxtun. Vitnið man ekki til þess, að þessi ákvörðun hafi verið tekin á stjórnarfundum. Vitnið segir, að það hafi verið Hákon Björnsson, sem tilkynnti því fyrst um kaupin á bréfunum 55 og annað þeim tengt. Einum eða tveimur dögum síðar boðaði vitnið til stjórnarfundar vegna málsins. Var mál þetta talið svo alvarlegt, að rétt væri, að stjórnin ræddi það án viðveru ákærða Þorsteins Víðis, og því var hann ekki boðaður til fundarins. Flestir stjórnarmanna töldu málið alvarlegt, og það gerði vitnið líka. Vitnið kveðst aldrei hafa rætt við ákærða Þorstein Víði, eftir að þetta mál kom upp, og ákærði Þorsteinn Víðir hafi verið leystur frá stjórnarstörfum og umsjónarstörfum með sjóðnum á stjórnarfundinum, sem haldinn var, eftir að umrætt mál kom upp. Vitnið segir, að ákærða Þorsteini Víði hafi ekki verið tilkynntar framangreindar ákvarðanir skriflega, en Hákon Björnssyni falið að láta hann vita af þeim munnlega. Ekki var bókað í fundargerð um þessar ákvarðanir. Vitnið man ekki í smáatriðum það, sem gerðist á stjórnarfundinum 7. júní 1994. Vitnið upplýsir, að það hafi spurst fyrir um ársreikninginn 1993 hjá ákærða Þorsteini Víði eftir 15. apríl 1994, og var sú skýring gefin fram til mánaðamóta maí/júní 1994, að annar kjörinna skoðunarmanna væri fjarverandi. Vissi vitnið ekki, að reikningurinn var tilbúinn úr hendi ákærða Sveins á þessum tíma. Vitnið kveðst hafa farið með ársreikning ársins 1993 til Gylfa Gunnarssonar endurskoðanda, eftir að vitnið hafði fengið reikninginn, og fengið Gylfa til að skoða hann með sér, þar sem vitnið taldi sig ekki hafa næga þekkingu á reikningnum sjálf. Vitnið hafði þó engin bókhaldsgögn með sér til Gylfa, sem kvaðst ekki sjá neitt athugasvert við reikninginn í fljótu bragði. Vitnið leitaði ekki til ákærðu Þorsteins Víðis og Sveins, þar sem það vildi fá álit annars manns, en Gylfi hafi sagt, að hann þyrfti að hafa bókhaldsgögnin, svo hann gæti skoðað reikninginn niður í kjölinn.

Vitnið Bjarni Helgason, Undralandi 2 í Reykjavík, kveðst hafa verið stjórnarmaður í Lífeyrissjóði starfsmanna Áburðarverksmiðjunnar frá árinu 1989 og fram til þess, að fyrirtækið var gert að hlutfélagi. Sá vitnið um að rita fundargerðir stjórnarinnar og gegndi stöðu ritara síðustu árin.

Vitnið segist venjulega hafa gengið frá fundargerðum 2–3 dögum eftir fundum og komið þeim til handritunar í fundargerðabókina og í vélritun fyrir aðra stjórnarmenn. Telur vitnið, að fundargerðin frá fundinum, þegar ársreikningurinn fyrir 1993 var lagður fram, hafi verið gerð með sama hætti. Segir vitnið, að formaður stjórnar hafi lagt ársreikninginn fyrir 1993 formlega fram, en ákærði Þorsteinn Víðir skýrt reikninginn. Vitnið ritaði punkta

á áðurgreindum fundi og sér við athugun þeirra, að þar er ekki getið um skuldabréfakaup sjóðsins árið 1993 umfram það, sem fram kemur í reikningnum sjálfum.

Vitnið segir, að á umræddum stjórnarfundum hafi stjórnarmenn komist að þeirri niðurstöðu, að ekki væri hægt að kaupa áhættubréf að óbreyttum reglum sjóðsins. Ekkert var bókað um þetta, þar sem engin formleg tillaga kom fram í þessu efni. Telur vitnið, að engir sérstakir liðir í reikningnum hafi vakið athygli þess umfram aðra, eftir að það hafði fengið skýringar ákærða Þorsteins Víðis. Vitnið man ekki, að óskað væri skýringa á einstökum liðum, heldur hafi skýringarnar verið um reikninginn í heild, sem talinn var í lagi, eftir að löggiltur endurskoðandi hafði gengið frá honum. Vitnið leit svo á, að í liðnum „bankabréf o. fl.“ væru bréf, sem keypt hefðu verið af verðbréfasjóðum, sem hefðu bankana að bakhjarli. Vitnið segir um 1. tl. 6. gr. reglugerðar um lífeyrissjóðinn, að það hafi staðið og standi í þeirri trú, að heimild greinarinnar næði aðeins til þess, að keypt væru skuldabréf af sjóðfélögum.

Vitnið Guðjón Peter Hansen, Haðalandi 12 í Reykjavík, kveðst hafa verið stjórnarformaður Lífeyrissjóðs starfsmanna Áburðarverksmiðjunnar til ársloka 1992.

Vitnið telur, að breyting sú, sem gerð var á reglugerð sjóðsins 4. janúar 1993, hafi ekki verið gerð í því skyni að heimila aukin kaup á áhættubréfum. Vitnið segir, að á þeim tíma, sem verið var að gera breytingarnar á reglugerðinni, hafi staðið til, að Áburðarverksmiðjan yrði hlutafélag, og hafi af þeirri ástæðu verið talið heppilegt að rýmka heimild lífeyrissjóðsins til þessara kaupa, enda þótt ekkert hafi verið rætt um að gera þau. Vitnið telur, að ákvæði 1. tl. 6. gr. reglugerðar um lífeyrissjóðinn sé ekki eingöngu bundið við sjóðfélaga. Vitnið þekkir til reglugerða annarra lífeyrissjóða með hliðstæðu ákvæði, sem hafa keypt bréf af öðrum en sjóðfélögum. Vitnið man ekki eftir því, að hinn löggilti endurskoðandi kæmi á stjórnarfundum, þar sem ársreikningar væru ræddir, enda var um einfalda reikninga að ræða. Væri óskað upplýsinga hjá endurskoðanda, lágu þær greiðlega fyrir.

Vitnið Guðstaf Þór Tryggvason hrl., Nökkvavogi 25 í Reykjavík, stóð að því að bjóða í eignina að Skipholti 50 D vegna Lífeyrissjóðs lækna. Það kveðst ekki myndu hafa haldið áfram að bjóða í eignina upp í skuldabréfið á 9. veðrétti. Vitnið segir, að það og umbjóðendur þess, forráðamenn Lífeyrissjóðs lækna, hefðu fyrir uppbóðið verið búnir að afla sér lauslegra upplýsinga um hugsanlegt verðmæti eignarinnar. Segir vitnið, að hugsanlega hefði það vegna þessa lífeyrissjóðs boðið upp í um 40 milljónir í eignina. Söluverðið til Ármannsfells á umræddri eign hafi skipst þannig, að 15

milljónir hafi verið greiddar í peningum og skuldabréfum og afgangurinn í íbúðum í öðrum húsum. Telur vitnið, að lífeyrissjóðurinn muni ekki skaðast verulega á viðskiptunum vegna Skipholtts 50 D, í mesta lagi um ca. hálfa milljón.

Ákærði Þorlákur Ómar vill útskýra frekar framburð sinn fyrir dóminum, þegar hann segir, að sala skuldabréfanna hafi verið einkafyrirtæki sitt. Kveðst ákærði hafa misskilið spurninguna, og hafi ekki verið um einkafyrirtæki sitt að ræða, heldur hafi hann verið í starfi hjá þessum félögum, Húsa-verki, Rim og Jeco. Vill ákærði, að fram komi, að launagreiðslur til sín hafi tengst því, þegar fé kom inn til fyrirtækjanna með sölu skuldabréfa. Loks vill ákærði taka það skýrt fram, að þessar skuldabréfasölur hafi aðeins verið lítið brot af störfum ákærða, sem honum bar að inna af hendi fyrir fyrirtækin hvert um sig, m. a. sem framkvæmdastjóri Rimar. Ákærði kveðst ekki hafa séð um bókhald fyrirtækjanna né launaútreikninga fyrir sjálfan sig hjá þeim. Það gerðu eigendur fyrirtækjanna, t. d. Kristján Magnason hjá Rim og Húsaverki og Jörgen Ingi Erlingsson hjá Jeco. Ákærði kveðst enga launamiða hafa fengið vegna þessara starfa sinna.

Ákærði Sveinn óskar að koma að athugasemdum vegna eigin framburðar fyrir dóminum. Segir ákærði, að þegar rétt sé um, að ekki hafi verið að finna í gögnum sjóðsins mat á Berjarima og Skipholti, sé rangt að tala um Skipholt, þar sem ekki hafi farið fram kaup á bréfum í þeirri eign fyrr en árið 1994. Vissi ákærði fyrst um þau kaup, þegar hann var kallaður upp í Áburðarverksmiðju í október 1994 til að kanna í gögnum sjóðsins, hvaða skuldabréfakaup hefðu farið fram árið 1994. Ákærði vill taka fram í sambandi við forsendur við gerð ársreikningsins, að hann hafi við gerð hans gert ráð fyrir, að eignirnar við Berjarima myndu ná veðhæfi á 1. veðrétt, þegar þær væru orðnar foheldar. Það voru þessar forsendur, sem ekki reyndust síðar réttar.

Niðurstöður.

I. Umboðssvik.

A.

Ákærða Þorsteini Víði er gefið að sök að hafa misnotað aðstöðu sína í þágu ákærða Þorláks Ómars og annarra með því að kaupa 55 veðskuldabréf án þess að afla gagna um veðhæfi hinna veðsettu eigna og upplýsinga um skuldara bréfanna.

Í reglugerð Lífeyrissjóðs starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins (LSÁR) eru ákvæði í 6. gr., sem ætlað er að vera leiðbeinandi og takmarkandi um kaup á viðskiptabréfum. Var reglugerð sjóðsins endurskoðuð

árið 1992, og að því loknu tók breytt reglugerð gildi 1. janúar 1993. Má af framburði ákærða Þorsteins Víðis ætla, að nýju reglugerðinni hafi verið dreift til allra sjóðfélaga, enda hefur þeim framburði ekki verið mótmælt. Við endurskoðun reglugerðarinnar var ekki hreyft við ákvæðum 1. tl. 6. gr., og máttu sjóðfélagar vænta þess, að þau væru í fullu gildi, en þau verður að túlka samkvæmt orðanna hljóðan. Samkvæmt því er óheimilt að kaupa skuldabréf með veði í fasteign, ef veðsetning fer fram úr 50% af brunabótamati eða mati matsmanna, til kvaddra af fjármálaráðherra. Ekki verður séð, að ákvæðið girði fyrir kaup á skuldabréfum frá öðrum en sjóðfélögum að fullnægðum skilyrðum um veðhæfni. Þá kemur til álita í máli þessu, hvort fullnægt hafi verið ákvæði áðurgreinds 1. tl. 6. gr. reglugerðarinnar að öðru leyti um þau skuldabréf, sem greind eru í ákæru og ákærði keypti fyrir sjóðinn.

Fyrir liggur, að fasteignirnar að Berjarima 20–28 og Skipholti 50 D höfðu ekki verið metnar til brunabótamats, enda voru þær ekki fokheldar, þegar skuldabréfakaupin voru gerð. Samkvæmt reglum sjóðsins bar við þessar aðstæður að kveðja til tvo matsmenn eftir tilnefningu fjármálaráðherra. Slíkt mat á virði fasteigna varð þó einvörðungu bundið við þær framkvæmdir, sem lokið var við, en ekki fyrirhugaðar framkvæmdir.

Ákærði kveðst við kaup skuldabréfanna með veði í Berjarimahúsunum hafa stuðst við almennt sölumat fasteigna á fasteignamarkaði. Hann hafði því ekki mat á virði eignarinnar frá óháðum aðilum.

Ákærði staðhæfir í framburði sínum, að fyrir hafi legið mat tveggja fasteignasala um, að væntanlegt söluverðmæti húseignarinnar að Skipholti 50 D væri á bilinu 100–110 milljónir kr. miðað við fokheldisstig. Ekkert í gögnum málsins styður þessa fullyrðingu, en henni hefur þó ekki verið mótmælt. Af framburði ákærða og vitna er ljóst, að fasteignin hafði ekki náð því byggingarstigi, sem mat þetta grundvallaðist á, þegar síðustu 3–4 skuldabréfin voru keypt. Í framburði ákærða kemur fram, að framkvæmdir við 4. hæð hafi þá nýlega verið hafnar. Þegar ákærði keypti síðustu skuldabréfin með veði í Skipholti 50 D, voru samtals að með töldum þeim bréfum og öðrum bréfum samhliða á 18. veðrétti áhvílandi veð á eigninni að nafnverði 110.141.733 krónur. Uppreiknuð með vísitölu og áföllnum vöxtum á veðsetningardegi yrði þessi fjárhæð nokkru hærri. Enda þótt áður nefnt mat fasteignasalanna á væntanlegu söluverði, allt að 110 milljónum kr., yrði lagt til grundvallar, var eignin veðsett í veðmálabókum fyrir hærri fjárhæð en nam þessu væntanlega söluverðmæti, þegar skuldabréfin á 18. veðrétti höfðu verið innfærð. Þessu til viðbótar var að mati ákærða aðeins lokið við um það bil 75% fasteignarinnar til að koma henni í það byggingarstig, sem fyrrgreint mat, 100–110 milljónir, grundvallaðist á.

Ákærða er gefið að sök að hafa ekki aflað upplýsinga um skuldara, þegar teknar voru ákvarðanir um skuldabréfakaup. Hefur ákærði ekki gert líklegt hið gagnstæða. Framkvæmdir við Berjaríma 20–28 og Skipholt 50 D stöðvudust í báðum tilfellum vegna fjárskorts, og voru byggingaraðilar að Berjaríma 20–28 teknir til gjaldþrotaskipta, og til nauðungaruppboðs kom á fasteigninni að Skipholti 50 D. Það mat, sem ákærði lagði til grundvallar veðhæfi eignarinnar að Skipholti 50 D við kaup á skuldabréfum, reyndist ekki næg trygging fyrir því, að skuldabréfin fengjust endurgreidd í samræmi við skilmála þeirra. Samkvæmt 1. tl. 6. gr. reglugerðar LSÁR er gert ráð fyrir, að einungis séu keypt mjög trygg veðskuldabréf, sem ekki fara yfir 50% af tilgreindu mati fasteigna. Þar er ekki gert ráð fyrir, að nauðsynlegt sé að afla upplýsinga um fjárhagsstöðu skuldara. Kaup á skuldabréfum, sem komin eru yfir 50% af mati skv. 1. tl. 6. gr., eru óheimil, en ef um slík tilvik væri að ræða, gæti sterk fjárhagsstaða skuldara verið til mótvægis. Þar sem óvissa var um mat á fasteignum, sem veð var tekið í, var brýnni nauðsyn en ella að afla upplýsinga um fjárhagsstöðu skuldara.

Ljóst er af framansögðu, að ákærði hefur farið verulega út fyrir heimildir í 1. tl. 6. gr. reglugerðar LSÁR við kaup á skuldabréfum og með því brotið gegn 249. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Þorsteinn Víðir afhenti ákærða Þorláki Ómari umboð 23. mars 1994 til að undirrita fyrir hönd lífeyrissjóðsins veðleyfi, dagsett 10. mars 1994, vegna tveggja tiltekinna skuldabréfa. Ákærða hafði ekki verið veitt heimild til þess að framselja eigið umboð sem umsjónarmanni lífeyrissjóðsins til annarra, og skiptir eigi máli í þessu, hvort framsal ákærða á umboði sínu skaðaði sjóðinn eða ekki. Er þetta brot á 249. gr. almennra hegningarlaga.

B.

Ákærða Þorsteini Víði er gefið að sök að hafa afhent 12. september 1994 meðákærða Þorláki Ómari tékka, að fjárhæð 800.000 krónur, út gefinn af tékkareikningi lífeyrissjóðsins nr. 401226 við Íslandsbanka hf., gegn kvittun hans fyrir greiðslu á ótilgreindu skuldabréfi, án þess að lífeyrissjóðurinn fengi þá afhent skuldabréf eða tryggingu fyrir því að fá það afhent síðar.

Af framburði ákærða og vitna í málinu er ljóst, að þessi greiðsla hefur átt að vera innborgun á skuldabréf. Sannað er, að LSÁR fékk aldrei skuldabréf eða önnur verðmæti sem gagngjald fyrir umrædda fjárhæð. Þessi ráðstöfun fjármuna er ekki í samræmi við ákvæði reglugerðar LSÁR og varðar því við 249. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Ákærða Þorsteini Víði er gefið að sök að hafa dregið sér fé, þegar hann

gaf út sjö tékka, samtals að fjárhæð 1.508.889 krónur, sem ýmist voru stílaðar á handhafa eða hann sjálfan og lagðir inn á persónulegan tékkareikning hans. Ákærði heldur því fram, að um hafi verið að ræða hluta af því kaupverði, sem ákærði Þorlákur Ómar kvittaði fyrir sem kaupverði bréfanna. Ákærði Þorlákur Ómar styður þessa staðhæfingu með framburði sínum.

Vegna þeirra sjö tékka, sem ákært er fyrir, eru í gögnum málsins sex kvittanir fyrir sölu skuldabréfa. Kvittanir þessar eru uppgjör á kaupverði þeirra skuldabréfa, sem ákærði heldur fram, að tékkarnir séu hlutagreiðsla fyrir. Fjórar af þessum kvittunum eru undirritaðar af ákærða Þorláki Ómari. Í tveimur tilvikum er engin slík undirritun, vegna tékka dags. 25. 5. 1993, 33.429 krónur, og 19. 7. 1993, 270.000 krónur. Þessir tveir tékkar eru báðir stílaðir á handhafa, framseldir af ákærða Þorsteini Víði og andvirði þeirra lagt samdægurs inn á persónulegan tékkareikning hans.

Par sem ekki var undirrituð móttökukvittun vegna ofangreindra tveggja tékka, annars að fjárhæð 33.429 krónur og hins að fjárhæð 270.000 krónur, verður að telja sannað, að um fjárdrátt hafi verið að ræða vegna þeirra. Varðar þetta við 247. gr. almennra hegningarlaga, en að öðru leyti ber að sýkna ákærða af fjárdrætti samkvæmt þessum kafla ákæru.

IV.

Ákærða Þorláki Ómari er gefið að sök að hafa stundað verðbréfavíðskipti án þess að vera löggiltur verðbréfasali. Ákærði hefur neitað þessum sakargiftum.

Í framburði ákærða kemur fram, að hann þáði þóknun úr hendi seljenda skuldabréfa sem gagnjald fyrir þá vinnu, er lögð var í sölu þeirra. Á skattframtali ákærða 1994 er einvörðungu að finna reiknað endurgjald við eigin atvinnurekstur, 813.564 krónur. Í framburði sínum fyrir dómi segir ákærði, að tekjurnar vegna sölu skuldabréfa með veði í Berjarima árið 1993 séu innifaldar í launatekjum hans á skattframtali fyrir það ár. Bæði ákærði og seljendur hafa borið, að þóknun ákærða vegna sölu skuldabréfanna hafi verið 1 til 2% af söluverði þeirra, og jafnframt hafi sú þóknun átt að koma sem gagnjald fyrir önnur viðvik, sem hann innti af hendi fyrir seljendurna. Af framangreindu er ljóst, að störf ákærða í þágu seljenda skuldabréfa var eigin atvinnurekstur hans. Verður ákærði því sakfelldur fyrir það, sem honum er gefið að sök í þessum kafla ákæru, og varðar þessi háttsemi ákærða við þau ákvæði laga um verðbréfavíðskipti, sem tilgreind eru í ákærinni.

V.

Ákærða Sveini er gefið að sök að hafa vanrækt skyldur sínar með því að kanna ekki, hvort farið hefði verið eftir reglum sjóðsins um meðferð og ávöxtun á fé hans árið 1993, og gera ekki athugasemd við ranga tilgreiningu

skuldabréfakaupa, að nafnverði 39.897.400 krónur, sem „bankabréf o. fl.“ í efnahagsreikningnum og í yfirliti um peningaflæði sem „keypt bankabréf“ og að hafa áritað ársreikning sjóðsins fyrir rekstrarárið 1993 fyrirvaralausri áritun.

Ákærði hefur borið, að hann hafi kannað tilvist þeirra skuldabréfa, sem keypt voru árið 1993, að nafnverði 39.897.400 krónur, og komist að því, að engin gögn voru í bókhaldi sjóðsins árið 1993 um mat á fasteigninni við Berjaríma. Þar sem þetta mat á Berjaríma lá ekki fyrir, er ljóst, að ekki var unnt að sannreyna, að ákvæða 1. tl. 6. gr. LSÁR um veðmörk hafi verið gætt. Þrátt fyrir þetta gerði ákærði stjórn sjóðsins ekki grein fyrir þessum annmörkum. Sú niðurstaða ákærða, að veðmarka skv. 1. tl. 6. gr. hafi ekki verið gætt, er ekki tilefni til fyrirvara í áritun, heldur athugasemdar til stjórnar lífeyrissjóðsins. Verður ákærði því ekki sakfelldur fyrir að hafa vanrækt skyldur sínar sem löggiltur endurskoðandi reikninga LSÁR rekstrarárið 1993 með því að kanna ekki, hvort farið hefði verið að ákvæðum reglugerðar sjóðsins um meðferð og ávöxtun á fé hans við skuldabréfakaup.

Í 1. mgr 2. gr. reglna bankaeftirlits SÍ um gerð ársreikninga lífeyrissjóða segir: „Efnahagsreikningur lífeyrissjóðs skal gerður þannig, að hann gefi skýra mynd af eignum, skuldum og hreinni eign til greiðslu lífeyris í lok reikningsárs, sbr. jafnframt fyrirmynd á fylgiskjali 1.“ Á fylgiskjali 1 kemur fram, að flokka skuli langtímakröfur sem markaðsskuldabréf með ríkisábyrgð, markaðsskuldabréf með bankaábyrgð, önnur markaðsskuldabréf, veðskuldabréf sjóðfélaga, önnur skuldabréf og loks aðrar langtímakröfur. Af þessari upptalningu er ljóst, að ekki er rétt að flokka saman í efnahagsreikningi skuldabréf með ábyrgð banka og skuldabréf með veði í fasteignum. Flokkun í efnahagsreikningi LSÁR í árslok 1993 er ekki í samræmi við reglur Seðlabanka Íslands. Ákærði gerði ársreikning 1993 fyrir LSÁR, og má ráða af gögnum og málf lutningi, að röng flokkun í ársreikningi hafi verið refsilaus mistök, en ekki ásetningur til að villa um fyrir þeim, sem læsu reikninginn. Þykir skýrslugerð ákærða til bankaftirlits Seðlabanka Íslands enn frekar styðja þetta.

Í 3. mgr. 2. gr. í reglum Seðlabanka Íslands er ekki gert ráð fyrir, að skuldabréfakaup séu sundurliðuð eftir tegundum í sjóðstreymi. Keypt veðskuldabréf eru hins vegar í yfirliti um peningaflæði í ársreikningnum árið 1993 ranglega tilgreind sem keypt bankabréf.

Í málf lutningi sínum lagði ákærvaldið áherslu á, að sök ákærða hefði verið í því fölgín, að hann hefði ekki metið skuldabréfaeign sjóðsins með veði í Berjaríma, og þrátt fyrir það áritað ársreikninginn fyrirvaralausri

áritun. Ákærði hefur borið, að hann hafi lagt sjálfstætt mat á skuldabréf með veði í Berjarima, eins og þau voru í árslok 1993. Hefur vitnið Grétar Haraldsson borið fyrir dóminum, að það sé þeirrar skoðunar, að bréfin hefðu getað greiðst öll. Líta verður einnig til þess, að sjóðurinn keypti skuldabréf með veði í Berjarima 20–28, að nafnverði 10.500.000 kr., eftir árslok 1993. Ákærvaldið hefur hvorki sýnt fram á, að mat ákærða hafi verið rangt né áritun hans á ársreikninginn villandi. Samkvæmt framansögðu ber að sýkna ákærða Svein af því, sem honum er gefið að sök í ákæru, og þar með af því að hafa brotið gegn ákvæðum þeim, sem þar greinir.

Sakaferill ákærðu.

Ákærði Þorsteinn Víðir hefur á árunum 1960 til 1979 gengist sjö sinnum undir að greiða sektir fyrir umferðarlagabrot, og ákærði Þorlákur Ómar hefur þrisvar á árunum 1980 til 1991 gengist undir að greiða sektir fyrir sams konar brot, en öðrum refsingum hafa ákærðu Þorsteinn Víðir og Þorlákur Ómar ekki sætt, svo að kunnugt sé.

Refsingar.

Ákærða Þorsteini Víði verður ákvörðuð refsing með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði, en þar sem ákærði hefur ekki áður hlotið dóm, þykir eftir atvikum mega ákveða, að fresta skuli fullnustu 9 mánaða af refsingunni og niður skuli sá hluti hennar falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Refsing ákærða Þorláks Ómars þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði og 500.000 króna sekt, sem afplánist með 60 daga fangelsi, greiðist sektin ekki innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja. Þar sem ákærði hefur ekki áður hlotið dóm, þykir mega ákveða, að fresta skuli fullnustu fangelsisrefsingar og niður skuli hún falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði sama skilorð og ákærði Þorsteinn Víðir.

Bótakrafa.

Lífeyrissjóður starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins, kennitala 430269-1949, Gufunesi við Vesturlandsveg í Reykjavík, hefur uppi í málinu skaðabótakröfu þá á hendur ákærða Þorsteini Víði, sem um getur í ákæru, en af hálfu ákærða er krafist frávísunar kröfunnar, en til vara sýknu af henni. Þar sem ákærði er sakfelldur fyrir afhendingu á 800.000 króna tékka og fjárdrátt, að fjárhæð 303.429 krónur, vegna tveggja tékka, ber hann einnig skaðabótaskyldu vegna þessara gjörða sinna. Ber því að taka bótakröfuna til greina, að því er varðar framangreindar fjárhæðir, og dæma ákærða til greiðslu þeirra, eins og nánar greinir í dómsorði.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærða Þorstein Víði til þess að greiða skipuðum verjanda sínum, Sigurði G. Guðjónssyni hæstaréttarlögmanni, 200.000 krónur í málsvarnarlaun og ákærða Þorlák Ómar til þess að greiða skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, sömu fjárhæð í málsvarnarlaun. Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Sveins, Helga V. Jónssonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 kr., greiðist úr ríkissjóði. Annan sakarkostnað greiði ákærði Þorsteinn Víðir að 2/3 hlutum, ákærði Þorlákur Ómar að 1/6 hluta og ríkissjóður að 1/6 hluta.

Sókn málsins.

Sigríður Jósefsdóttir saksóknari flutti málið af hálfu ákæruvalds.

D ó m s o r ð:

Ákærði Þorsteinn Víðir Þórðarson sæti fangelsi í 12 mánuði, en fresta skal fullnustu 9 mánaða af refsingunni, og niður skal sá hluti hennar falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Þorlákur Ómar Einarsson sæti fangelsi í 3 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar, og niður skal hún falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Þá greiði ákærði 500.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, en sæti ella fangelsi í 60 daga.

Ákærði Sveinn Sæmundsson er sýknaður af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu. Ákærði Þorsteinn Víðir greiði Lífeyrissjóði starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins, kennitala 430269-1949, Gufunesi við Vesturlandsveg í Reykjavík, 1.103.729 krónur í skaðabætur ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af 33.729 krónum frá 25. maí 1993 til 19. júlí 1993, af 303.729 krónum frá þeim degi til 12. september 1994 og af 1.103.729 krónum frá þeim degi til 27. nóvember 1994 og með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði Þorsteinn Víðir greiði skipuðum verjanda sínum, Sigurði G. Guðjónssyni hæstaréttarlögmanni, 200.000 krónur í málsvarnarlaun. Ákærði Þorlákur Ómar greiði skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 200.000 krónur í málsvarnarlaun. Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Sveins, Helga V. Jónssonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur, greiðist úr ríkis-

sjóði. Annan sakarkostnað greiði ákærði Þorstein Víðir að 2/3 hlutum, ákærði Þorlákur Ómar að 1/6 hluta og ríkissjóður að 1/6 hluta.
